

STÖÐUMAT Á ÞJÓNUSTU

Blindrafélagsins, Hljóðbókasafns Íslands og Sjónstöðvarinnar við blint og sjónskert fólk á Íslandi með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samningum

Febrúar, 2022

Efnisyfirlit

1.0 SAMANTEKT	4
2.0 VERKEFNIÐ	5
2.1 Mat á umfangi	5
2.2 Áætlaður verktími	6
2.3 Afurð verkefnisins	6
2.4 Teymið og skipulagið	6
2.5 Verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun	7
3.0 ÞJÓNUSTUADILAR	8
3.1 Blindrafélagið	8
3.2 Hljóðbókasafn Íslands	10
3.3 Sjónstöðin	13
4.0 ÞJÓNUSTAN	16
4.1 Þjónusta Blindrafélagsins og aðgengi að þjónustu	17
4.2 Þjónusta Hljóðbókasafns Íslands og aðgengi að þjónustu	23
4.3 Þjónusta Sjónstöðvarinnar og aðgengi að þjónustu	28
5.0 LÖG, REGLUGERÐIR, SAMNINGAR OG TILSKIPUN ESB	41
5.1 Kröfur í bókasafnalögum	41
5.2 Kröfur í höfundalögum	41
5.3 Kröfur í lögum um breytingu á höfundalögum	42
5.4 Kröfur í reglugerð um Hljóðbókasafn Íslands	42
5.5 Kröfur í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir	43

5.6 Kröfur í lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	45
5.7 Kröfur í reglugerð um úthlutun á hjálpartækjum á vegum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	48
5.8 Kröfur í reglugerð um atvinnumál fatlaðra.....	49
5.9 Kröfur í samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	50
5.10 Kröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins	58
5.11 Kröfur í Marrakesh samningnum	58
6.0 NIÐURSTÖÐUR FYRIR STÖÐUMAT	59
6.1 Samantekt á helstu niðurstöðum	59
6.2 Heildarniðurstöður	62
7.0 LYKIL UMBÓTATÆKIFÆRI	133
8.0 TÆKNIFÆRI Í ÞJÓNUSTU VIÐ NOTENDUR	139
9.0 TILVÍSANIR	152

1.0 SAMANTEKT

Blindrafélagið óskaði eftir aðstoð Intellecta við stöðumat á þjónustu Blindrafélagsins, Hljóðbókasafns Íslands og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar (Sjónstöðina) við blint og sjónskert fólk á Íslandi með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samningum og hófst verkefnið með upphafsfundum þann 5. október síðastliðinn.

Heilt yfir þá er niðurstaðan góð og ekki hægt að tilgreina úrbætur sem mikilvægt er að bregðast strax við. Hinsvegar þá þarf að huga að nokkrum þáttum svo sem:

- Aukinni þjónustu samhliða fjölgun innflytjenda og flóttafólks með auknu fjármagni og bættri mönnun Sjónstöðvarinnar
- Getu Sjónstöðvarinnar til að heimsækja og þjónusta notendur á þeirra heimili með auknu fjármagni og bættri mönnun
- Samstarfi aðila um fjölgun atvinnutækifæra og endurhæfingarúrræða
- Eflingu samstarfs milli aðila, þátttöku Sjónstöðvarinnar í rannsóknum og þróun á nýrri tækni
- Tækifærum til að auka safnkost Hljóðbókasafnsins og auka úrval bóka
- Ábyrgð á framleiðslu námsgagna fyrir mismunandi notendahópa
- Fjármögnun fyrir innkaup leiðsöguhunda og rekstur þeim tengdum
- Skorti á ferðaþjónustu fyrir notendur á landsbyggðinni

Eftirfarandi listi af úrbótatækifærum er unnin út frá viðtölum við forsvarsmenn og í framhaldi af greiningu Intellecta á stöðunni:

- Stofnun samráðsvettvangs í formi þjónusturáðs
- Sameinast um gerð kennslu og fræðsluefnis
- Bæta þjónustu við notendur sem tala ekki íslensku og/eða ensku
- Bæta mönnun og fjármögnun þjónustu sem styður við sjálfstæðara heimilishald
- Samþætta þjónustu og stuðning við notendur í leit að atvinnu
- Tryggja fjármögnun fyrir kaup á leiðsöguhundum og rekstur þeim tengdum
- Auka fjárframlög til Hljóðbókasafns til að auka fjölbreytni í safnkosti safnsins
- Sameina útgáfustarfsemi námsgagna á einn stað
- Bæta ferðaþjónustu á landsbyggðinni
- Auðga þjónustuupplifun og aðgengiseinkunnir á vefsvæðum þjónustuaðila

2.0 VERKEFNIÐ

Verkefnið snýr að stöðumati á þjónustu við blint og sjónskert fólk á Íslandi með hliðsjón af gildandi lögum, reglum og innlendum og alþjóðlegum samningum. Fá yfirsýn yfir þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga og hvernig hún hefur verið að breytast á undanförunum árum, meðal annars með hliðsjón af nýrri tækni og meðfylgjandi tækifærum og ógnunum.

Lögð var áherslu á eftirfarandi í verkefninu:

- Tilgreina þjónustu veitta af Blindrafélaginu, Hljóðbókasafni Íslands og Sjónstöðinni (þ.e. þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu / ÞPM).
- Meta hvort og hversu vel þjónustan uppfyllir skyldur sem lagðar eru á í lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samningum sem aðilar eiga að starfa eftir.
- Meta hversu framarlega þjónustan stendur tæknilega séð og koma með tillögur að úrbótum þar sem það á við.

2.1 Mat á umfangi

Verkefninu var skipt í 8 misstóra hluta og hófst það formlega með ræsfundi þann 8. október. Áætluð verklok eru 15. desember og tímaumfang Intellecta er áætlað 150 klukkustundir. Vinnuframlag Móniku og Friðriks var gróflega áætlað 150 klukkustundir.

Verkefnahlutar verkefnisins

1. Undirbúningur og ræsifundir
2. Uppsetning á skýrslu
3. Skilgreining á þjónustubáttum, mat á þjónustu og nýting á tækni
4. Tilgreina kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samningum
5. Meta hversu vel Blindrafélagið, Hljóðbókasafn Íslands og Sjónstöðin starfa/þjónusta í samræmi við lög, reglugerðir og samninga
6. Greina hversu framarlega þjónustan stendur tæknilega séð
7. Skýrslugerð og frágangur fyrir afhendingu
8. Afhending og kynning á niðurstöðum

2.2 Áætlaður verktími

Áætlað er að verktími nái frá 5. október-15. desember 2021.

- Október lokið við hluta 1-4
- Nóvember lokið við hluta 5-6
- Desember lokið við hluta 7-8

2.3 Afurð verkefnisins

Afurð verkefnisins er lokaskýrsla með eftirfarandi efnistöfum:

- Lýsing verkefnis, efnistöf og tilgangur.
- Yfirlit yfir þjónustur í boði og stöðumat: Sjónstöð, Blindrafélagið og Hljóðbókasafn.
- Yfirlit yfir kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og samningum.
- Mat á því hversu vel þjónusta uppfyllir skyldur sem lagðar eru á í lögum, reglugerðum og samningum.
- Mat á því hvar þjónustan stendur tæknilega séð og tillögur að úrbótum.

2.4 Teymið og skipulagið

Verkefnastjóri og ráðgjafi fyrir verkefnið var Svanur Þorvaldsson ráðgjafi hjá Intellecta. Hlutverk hans var að halda utan um verkefnið, skipulagið, gagnaöflun, skýrslugerð og ráðgjöfina.

Í teyminu voru starfsmenn Blindrafélagsins þau Mónica Elísabet Kjartansdóttir og Friðrik Friðriksson en þau veittu góða aðstoð við gagnaöflun og úrvinnslu.

Samráðshópurinn var eftirfarandi:

- Halldór Sævar Guðbergsson formaður hópsins skipaður af Blindrafélaginu.
- Rósa María Hjörvar, skipuð af Blindrafélaginu.
- Hulda Pétursdóttir, skipuð af Hljóðbókasafni Íslands.
- Vala Jóna Garðarsdóttir, skipuð af Sjónstöðinni.
- Mónica Elísabet Kjartansdóttir, sérstakur starfsmaður Samráðshópsins.

Samráðshópurinn var til halds og trausts varðandi upplýsingar, endurgjöf á stöðuna og afurðir.

2.5 Verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun

Samskipti, miðlun upplýsinga og ut anumhald á gögnum fór að mestu fara fram í gegnum Teams svæði Blindrafélagsins.

Verkefnið var unnið í lotum og var vörðufundur í lok áfanga 4 og 5 þar sem farið var yfir framgang verkefnisins, afurðir og næsta áfanga.

Á föstudögum kl. 10:00 var opinn verkefnateymis fundur til að fara yfir stöðuna og það sem var framundan hverju sinni. Farið var yfir það sem við höfðum áorkað frá síðasta fundi, það sem var framundan og áskoranir/hindranir sem mögulega standa í veginum.

3.0 ÞJÓNUSTUAÐILAR

Stöðumat á þjónustu við blint og sjónskert fólk á Íslandi með hliðsjón af gildandi lögum, reglum og innlendum og alþjóðlegum samningum nær til starfsemi eftirfarandi þriggja þjónustuaðila: Blindrafélagsins, Hljóðbókasafns Íslands og Sjónstöðvarinnar.

3.1 Blindrafélagið

Blindrafélagið eru hagsmuna- og félagasamtök blindra og sjónskertra á Íslandi. Félagið skilgreinir sig sem samfélagslegt afl og mannréttindasamtök sem berjast fyrir hagsmunum blindra og sjónskertra einstaklingar svo þeir geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi. Að þeim sé tryggður jafn réttur og tækifæri til sjálfstæðis og virkni í öllum þáttum samfélagsins. Einkunnarorð Blindrafélagsins endurspeglast í þjónustuáherslum félagsins en þau eru „Stuðningur til sjálfstæðis“.

Félagið leggur áherslu á að blindir og sjónskertir:

- geti aflað sér menntunar og verið virkir í atvinnulífinu
- hafi aðgang að upplýsingum á því formi sem þeim hentar þegar þeim hentar
- hafi aðgang að fjölbreyttu félagslífi hjá félaginu
- hafi aðgengi að trúnaðarmannakerfi
- fái þá þjónustu og endurhæfingu sem þeir þurfa á að halda

Blindrafélagið veitir einnig öðrum þjónustuaðilum aðhald til að stuðla að bættum þjónustugæðum.

Á undanförunum 10 árum hefur félagið haft forgöngu um að setja á fjórða hundrað milljón króna í mikilvæg og verðmæt verkefni til hagsbóta fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga hér á landi. Flest, ef ekki öll, hafa verkefnin haft þann tilgang að stuðla að auknu sjálfstæði blindra og sjónskerta einstaklinga. Meðal verkefna sem að félagið hefur átt bæði frumkvæði og aðkomu að og styrkt eða greitt að fullu fyrir eru:

- Menntunar, námskeiðs og ráðstefnustyrkir til fagfólks og félaga í gegnum Stuðning til sjálfstæðis – Styrktarsjóði Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins og Styrktarsjóði Richards og Dóru
- Styrkir til félagsmanna til kaupa á hjálparkækjum

- Styrkir til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar
- Íslensku talgervilsraddirnar Dóra og Karl sem voru teknar í notkun 2012 og kostuðu 80 milljónir króna að smíða og eru nýttar af þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Viðhald á Android útgáfu raddanna.
- Fjármögnun á kaupum á leiðsöguhundum.
- Vefvarp Blindrafélagsins.
- Styrkur til Hljóðbókasafni Íslands til uppsetningar á Daisy-streymisaðgangi fyrir vefvarp Blindrafélagsins.
- Augndeild LSH tæki til tilraunaeðferðar við RP.
- Stuðlað að útgáfu og kynningum þannig að málefni blindra og sjónskertra séu öllum aðgengileg.

Félagið er í virku samstarfi við erlend systursamtök og hagsmunasamtök fatlaðra hér á landi. Leggur einnig áherslu á að stuðla að rannsóknum í þágu blindra og sjónskertra.

Blindrafélagið stendur fyrir fjáröflunum til að fjármagna starfsemi sína, en um 80-90% af fjárþörf félagsins kemur í gegnum sjálfsaflafé eða með tekjum af eignum félagsins. Félagið á og rekur Blindravinnustofuna en stofan gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi en þar starfa um þrjátíu fatlaðir einstaklingar.

Í dag eru félagsmenn Blindrafélagsins tæplega 800 og hefur þeim fjölgað um 30% á síðustu tíu árum. Tekjur ársins 2014 voru um 200 milljónir og á árinu 2021 er gert ráð fyrir allt að 300 milljónum.

Árið 2014 störfuðu 18 starfsmenn hjá félaginu í 12 stöðugildum, árið 2021 störfuðu 20 einstaklingar í 14,2 stöðugildum. Þessi aukning er að stærstum hluta til komin til að mæta auknum kröfum um stafrænt aðgengi og kennslu og leiðsögn á stafrænum verkfæri.

Árið 2014 náðist að uppfæra ferðapjónustusamning við Reykjavíkurborg sem að gerði ferðapjónustuúrræði að mun sanngjarnari valkosti fyrir bæði notendur og borgina. Við samningsgerðina sýndi Blindrafélagið fram á að ferðapjónusta Blindrafélagsins væri mun hagkvæmara úrræði fyrir Reykjavíkurborg. Á næstu árum náðist að fjölga allverulega í hópi sveitafélaga sem buðu upp á ferðapjónustu Blindrafélagsins.

Frá árinu 2018 hefur verið ráðist í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir á húsnæði Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17. Áform eru uppi um að stækka húsið með því að byggja sjöttu hæðina, meðal annars í þeim tilgangi að koma sem mest af þjónustu við blint og sjónskert fólk undir eitt þak.

Á undanförunum árum hefur Blindrafélaginu tekist að auka umtalsvert tekjur af hefðbundnum og nýjum fjáröflunum félagsins. Þetta hefur gert félaginu kleift að ráðast í fjárfrek verkefni eins og leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins. Árið 2008 komu fjórir leiðsöguhundar til landsins frá Noregi. Í dag eru tólf leiðsöguhundar starfandi á Íslandi og á næstu árum er von á þremur til fjórum hundum til viðbótar.

Stafræna byltingin felur í sér mikil tækifæri en einnig áskoranir og ógnanir, þegar að kemur að málefnum blinds og sjónskerts fólks. Möguleikar til virkrar samfélagsþátttöku aukast og samfara því eykst hætta á einangrun þeirra sem ekki geta nýtt sér hina nýju stafrænu tækni. Til þess að tryggja að blint og sjónskert fólk geti nýtt sér þau tækifæri sem stafræna byltingin felur í sér þarf að tryggja að þeim standi til boða kennsla og þjálfun á stafrænum vél- og hugbunaði sem tekur mið af sjónskerðingu þeirra.

Um og upp úr 2008 fer Blindrafélagið að beita sér í auknum mæli fyrir hagsmunum blindra og sjónskertra einstaklinga þegar kemur að stafrænum tæknilausnum. Árið 2012 tók Blindrafélagið í notkun nýju talgervilsraddirnar Dóru og Karl og vefvarpið. Hvoru tveggja mjög mikilvæg verkfæri í stafrænu umhverfi. Frá þeim tíma hefur Blindrafélagið opnað aðgang að fjölbreyttu efni á stafrænu formi fyrir einstaklinga sem búa yfir lítilli tölvufærni. En betur má ef duga skal og í þeim efnum skiptir máltækniáætlun fyrir íslensku höfuð máli.

Öll starfsemi Blindrafélagsins miðar að því að tryggja blindum og sjónskertum einstaklingum jafnan rétt og tækifæri til sjálfstæðis og virkni í öllum þáttum samfélagsins.

3.2 Hjóðbókasafn Íslands

Hjóðbókasafn Íslands er ríkisstofnun sem veitir bókasafnsþjónustu til einstaklinga sem geta ekki nýtt sér venjulegt prentað letur. Safnið framleiðir, kaupir og miðlar fjölbreyttu safnefni þar með talið námsgögnum til lánþega. Safnið starfar samkvæmt bókasafnalögum númer 150 frá 2012 og höfundalögum númer 73 frá 1972. Til að fá aðgang að safninu þá þurfa lánþegar að skila inn vottorði enda um lokað safn að ræða sem sinnir tilteknum hópi.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, og tekur þannig m.a. þátt í að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og jafnt aðgengi til náms. Safnið gegnir því hvoru tveggja mikilvægu félagslegu sem og menningarlegu hlutverki ásamt því að greiða leið lestrarhamlaðra nemenda að námsefni.

Markmið og stefna Hljóðbókasafnsins er fyrst og fremst að opna aðgang einstaklinga sem ekki geta nýtt sér prentaðan texta, og þar með almenningsbókasöfn, aðgengi að safnefni í hljóðbókaformi. Rétt er að geta þess að fyrir stofnun Sjónstöðvarinnar var það á hendi Blindrabókasafns Íslands (forvera Hljóðbókasafns) að útbúa efni á punkta- og stækkuðu lettri.

Áherslur og verkefni safnsins snúa meðal annars að því að:

- framleiða efni þar með talið námsefni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á því þurfa að halda
- laga efnisval að þörfum, áhuga og óskum lánþega
- veita persónulega og góða þjónustu við lánþega safnsins
- gera námsmönnum sem takast á við lestrarhömlun kleift að nálgast námsefni
- fjölga titlum/námsefni með samstilltu hljóði og texta
- auka samskipti við útgefendur og að kaupa fleiri hljóðrit af markaði
- kynna þjónustu safnsins fyrir fagaðilum og stofnunum
- standa jafnfætis sambærilegum söfnum á Norðurlöndunum með tilliti til tækniframfara og þekkingar

Virkir lánþegar voru í lok árs 2021 samtals 15.693. Lánþegar eru á öllum aldri og afar ólíkir en eiga það sameiginlegt að þeir eru að takast á við prentleturshömlun/lestrarhömlun. Stærsti hópur lánþega safnsins er nemendur sem glíma við lesblindu.

Á Hljóðbókasafninu er ágætt úrval efnis, og telja þeir 12.356 titla þegar þessi skýrsla er gerð. Á síðasta ári bættist 431 titill við safnkostinn. Þar af voru 282 bækur gerðar aðgengilegar á safninu, 64 voru keyptar inn og 85 bækur voru fengnar með millisafnalánum.

Safnið hefur bent á að þetta kann að hljóma vel en miðað við heildar útgáfu prentefnis á Íslandi vantar verulega upp á aðgengi að efni fyrir skjólstæðinga safnsins.

Ef útgáfa áranna 2011, 2016 og 2020 er borin saman við það íslenska efni sem gert var aðgengilegt á Hljóðbókasafni sömu ár sést vel hversu mikil þörf er á framleiðsluaukningu. Hér eru fjárframlög til safnsins að sjálfsgöðu ákvarðandi. Hér er rétt að geta þess að þetta eru hráar tölur (fengnar úr Íslenskri útgáfuskrá: utgafuskra.is) en gefa góða vísbendingu.

2011

	Skáld-sögur	Barna-bækur	Ævisögur /-þættir	Ljóð	Annað	Náms-bækur	Gert á safni	Keypt	Alls	Hlutfall af heild
Hljóðbókasafn	114	28	27	2	37	20	196	35	231	10.5%
Prentútgáfa á Íslandi	362	160	79	82	1511				2194	

2016

	Skáld-sögur	Barna-bækur	Ævisögur /-þættir	Ljóð	Annað	Náms-bækur	Gert á safni	Keypt	Alls	Hlutfall af heild
Hljóðbókasafn	124	60	17	6	43	27	274	3	277	13.7%
Prentútgáfa á Íslandi	443	187	72	98	1214				2014	

2020

	Skáld-sögur	Barna-bækur	Ævisögur /-þættir	Ljóð	Annað	Náms-bækur	Gert á safni	Keypt	Alls	Hlutfall af heild
Hljóðbókasafn	170	88	42	21	53	25	327	72	399	26.2%
Prentútgáfa á Íslandi	396	235	54	108	729				1522	

Á systursöfnum Hljóðbókasafns á Norðurlöndum er mun fleiri efnisflokkum útgáfu sinnt. Nefna má almenn og sértæk fræðirit, tímarit og fréttabréf. Fyrir þessu er löng hefð.

Hljóðbókasafn Íslands var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands og verður safnið því 40 ára á árinu 2022. Hljóðbókasafn Íslands er að stærstum hluta rafrænt safn í dag og varð mikil breyting á allri starfseminni árið 2011 þegar hægt var að sækja efni í gegnum netið. Virkir lánþegar í lok ársins 2010, áður en safnið varð rafrænt, voru 2626 talsins, 2015 voru þeir 8.069 og í árslok 2021, 15.693.

Fjárförf Hljóðbókasafnsins

Skipting heildarútgjalda á árinu 2022 eru áætluð þannig að 33% fara í kjarnastarfsemina, 48% í launakostnað, 10% í húsnæðiskostnað og 9% í annan rekstrarkostnað. Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi, þaðan sem það þjónar öllu landinu. Á safninu starfa sjö manns í fullu starfi. Safnið skiptist í tvær deildir, útlána- og upplýsingadeild og framleiðslu- og tæknideild.

Safnið á og rekur bókasafns- og upplýsingakerfið Libro sem var tekið í notkun árið 2010. Kerfið er um margt ágætt en er skrifað á gömlu forritunarmáli sem er á útleið og sem fáir forritarar kunna orðið á. Nýtt bókasafns- og útlánakerfi er því aðkallandi og stendur yfir stöðumat á bestu kostum.

Svo safnið sinni lánþegum sínum sem best þarf ávallt að uppfæra og betrubæta rafræna þjónustu og passa uppá að hún virki 100%. Að sama skapi leggur safnið metnað sinn í að sinna þeim sem kjósa ennþá að fá efnið á einnota geisladiskum. Nýtt útlána- og bókasafnakerfi og öll forritunarvinna og rekstur á tölvukerfum eru kostnaðarsamir þættir. Þá má vera ljóst á töflu hér að ofan um hlutfall aðgengilegs prentefnis á Íslandi að verulega má bæta þjónustuna hvað framboð á fjölbreyttu efni.

3.3 Sjónstöðin

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, er í daglegu tali kölluð Sjónstöðin. Sjónstöðin starfar skv. lögum nr. 160 frá árinu 2008 og heyrir undir Félagsmálaráðuneytið.

Markmið Sjónstöðvarinnar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkrar þátttöku jafnt við aðra á öllum sviðum samfélagsins. Áherslur og verkefni Sjónstöðvarinnar snúa að:

- Ráðgjöf fyrir notendur í athöfnum daglegs lífs, félagsráðgjöf, stafrænt mat á sjónnýtingu, tölvu- og tækniráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og virkniráðgjöf
- Ráðgjöf fyrir fjölskyldur og aðstandendur
- Ráðgjöf og athuganir á aðgengi á vinnustöðum, skólum og stofnunum þar sem notendur eru
- Umferliskennsla fyrir notendur
- Leiðsöguhundar úthlutun, samþjálfun og eftirfylgd
- Jafningjafræðsla
- Sérkennsluráðgjöf, ráðgjöf og fræðsla til fagaðila svo sem skóla og stofnana
- Úthlutun ýmissa hjálpartækja þar með talið gleraugna, stækkunarglerja, hvíta stafsins, tölvutengdra hjálpartækja og leiðsöguhunda
- Gleraugnaendurgreiðslur
- Aðlögun lesefnis fyrir notendur
- Öflun og miðlun þekkingar á aðstæðum notenda til að bæta þjónustu við þá og stuðla að framförum þeirra

Sjónstöðinni er ætlað að hafa yfirsýn yfir aðstæður blindra, sjónskertra og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Hún sinnir einnig fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

Notendum á skrá sem þiggja þjónustu frá Sjónstöðinni hefur fjölgað jafnt og þétt í öllum aldursflokkum síðustu 10 ár en á sama tíma þá hefur starfsmönnum fækkað. Á sama tíma og notendum fjölgar og færri starfsmenn sinna þjónustu þá aukast breytast þarfir notenda og tækninni fleygir fram.

- Notendum af erlendum uppruna hefur fjölgað og krefst þjónusta við þennan hóp notenda notkunar túlkþjónustu. Á það sérstaklega við um þjónustu við börn og fólks á vinnu aldri, (telur um 12% af þeim hópi).
- Fleiri notendur eru á skrá sem hafa lifað af áföll á miðtaugakerfið sem hefur áhrif á sjónúrvinnslu og hreyfigetu og eru það þjónustubýngri notendur.
- Á síðustu 10 árum þá hefur tækninni einnig fleygt fram og flókið er að fylgjast með þróuninni.
- Notendahópurinn er einnig að eldast og fleiri og fleiri sem búa lengur heima.

Samkvæmt ársskýrslu Sjónstöðvarinnar þá voru í árslok 2020 1.724 einstaklingar í skráðu ferli eða þjónustu hjá stöðinni. Af þeim þá eru 196 börn á aldrinum 0-18 ára, 372 einstaklingar á aldrinum 18-67 ára og 1.156 einstaklingar sem eru eldri en 67 ára. Til samanburðar voru um 1300 hundruð notendur á skrá í lok árs 2009 og þar af 80 börn í reglubundinni þjónustu. Á vinnualdri voru um 300 notendur á skrá og notendur 67 og eldri voru um 900. Árið 2010 þá voru alls 27 stöðugildi hjá Sjónstöðinni en 2021 hafði þeim fækkað niður í 24.

Til að koma til móts við breyttan notendahóp og stuðla að bættum lífsgæðum og sjálfstæðu lífi er nauðsynlegt að hafa nægan mannafla og aðgengi að hjálpartækjum.

4.0 ÞJÓNUSTAN

Þjónusta Blindrafélagsins, Hljóðbókasafns og Sjónstöðvar sem tiltekið er í skýrslunni afmarkast við þá þjónustu sem tilgreind er á vefsvæðum þeirra ásamt upplýsingum sem fengust viðtölum við starfsmenn. Með aðstoð Móniku Elísabetu Kjartansdóttur hjá Blindrafélaginu þá var þjónustuframboðið listað upp.

Upplýsingar fyrir Blindrafélagið miðast við:

- Gögn sem sóttar voru á vefsvæði blind.is í október 2021
- Viðtöl við Kristinn Halldór Einarsson framkvæmdastjóri og Sigþór U. Hallfreðsson formaður félagsins

Upplýsingar fyrir Hljóðbókasafnið miðast við:

- Gögn sem sótt voru á vefsvæði hbs.is í október 2021
- Viðtöl við Marín Guðrúnu Hrafnisdóttur forstöðumann og Huldu Pétursdóttur í útlánadeild

Upplýsingar fyrir Sjónstöðina miðast við:

- Upplýsingar sem sóttar voru á vefsvæði midstod.is í október 2021, gögnum úr ársskýrslum o.fl.
- Viðtöl við Elfu S. Hermannsdóttur forstjóra og Völu Jónu Garðarsdóttur fagstjóra ADL og umferli

Meðan á verkefninu stóð framkvæmdi Gallup fyrir hönd Blindrafélagsins könnun meðal félagsmanna þeirra þar sem skoðað var viðhorf félagsmanna til Blindrafélagsins og þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Einnig var spurt út í þjónustu Sjónstöðvarinnar og Hljóðbókasafns Íslands. Könnunin var framkvæmd frá nóvember til desember 2021 og svöruðu 245 félagsmenn könnuninni. Eru niðurstöður könnunarinnar hafðar til hliðsjónar við gerð stöðumatsins.

Í niðurstöðum könnunarinnar má sjá að lang stærstur hluti svarenda eru ánægðir með hversu vel Blindrafélagið sinnir hagsmunamálum blindra og sjónskertra og ánægðir með þá

þjónustu sem félagið veitir. Einnig kemur fram í niðurstöðum að langstærstur hluti félagsmanna eru ánægðir með þá þjónustu sem Sjónstöðin og Hljóðbókasafn Íslands veita.

4.1 Þjónusta Blindrafélagsins og aðgengi að þjónustu

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, starfar samkvæmt lögum félagsins sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins þann 6. maí 2017.

Blindrafélagið eru hagsmunasamtök og samfélagsafl sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi. Að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins og endurspeglast áherslur félagsins í einkunnarorðum þess sem er „Stuðningur til sjálfstæðis“.

Þjónusta félagsins tekur mið af lögum, tilgangi og markmiðum félagsins og snýr meðal annars að ráðgjöf og aðstoð til félagsmanna.

Eftirfarandi er samantekt á þjónustu Blindrafélagsins ásamt upplýsingum um aðgengi að þjónustunni.

Ráðgjöf

Á skrifstofu Blindrafélagsins starfa fjórir ráðgjafar sem eru félagsmönnum til ráðgjafar og aðstoðar og hafa stöðugildi í ráðgjöf tvöfaldast á síðustu árum. Yfirleitt þá veita ráðgjafar félagsmönnum notendaaðstoð fyrir tölvur og síma. Hún hefur í gegnum tíðina færst frá persónulegri ráðgjöf yfir í tækniráðgjöf og fræðslu þar sem kennt er á búnaðinn. Einnig er um að ræða leiðsögn fyrir fólk sem veit ekki hvert það á að sækja sér þjónustu. Yfirleitt mæta félagsmenn á staðinn, hringja eftir aðstoð eða senda tölvupóst. Einnig er hægt að sækja sér upplýsingar á Facebook síðu um aðgengismál. Persónuleg þjónusta er mikilvægur þáttur í þjónustu félagsins og sjá má í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup að tæp 80% svarenda telja að persónuleg þjónusta sé mikilvægur þjónustuþáttur. Einnig má sjá að brýn þörf er á hæfingu og endurhæfingu til þess að blindir og sjónskertir einstaklingar geti nýtt sér þau tækifæri sem hið stafræna umhverfi hefur veitt.

Aðgengi að þjónustu

- Hjá félaginu
- Símtal
- Tölvupóstur
- Samfélagsmiðlar

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta Blindrafélagsins virkar þannig að notendur panta sér leigubíl frá leigubílastöð sem félagið hefur samið um ferðaþjónustu við. Gjaldið er síðan skrifað á reikning

Aðgengi að þjónustu

- Símtal

<p>ferðapjónustu félagsins. Gjaldinu er sem nemur einu fargjaldi með Strætó. Þak er á fjárhæð hvefrrar ferðar og því hækkar kostnaðarpátttaka félagsmanns um eitt strætófargjald ef farið fer upp fyrir kostnaðarpakið, fyrsta kostnaðarpak er sem nemur 25 km. ferð. Blindrafélagið er með ferðapjónustusamninga við eftirtalin sveitafélög: Akureyri, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík. Að auki hefur Blindrafélagið samið við mörg sveitafélög út á landi um ferðapjónustu við lögblinda íbúa þeirra þar þeir geta nýtt þegar þeir þurfa að komast leiðar sinnar í höfuðborginni og þar með nýtt sér sömu þjónustu og býðst þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu: Akureyri, Hornafjörður, Ísafjörður, Fjarðarbyggð, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar, Vesturbyggð, Bláskógabyggð og Árborg. Þeir félagsmenn Blindrafélagsins sem búa í sveitarfélögum sem ekki hefur verið gerður samningur við eða eru ekki skilgreindir lögblindir, eiga kost á að sækja um heimild til að taka leigubifreið og skrifa gjaldið á Ferðapjónustu Blindrafélagsins.</p> <p>Þörf er á að endurnýja samning við Reykjavíkurborg í upphafi ársins 2022. Vonir standa til mikilvægra lagfæringa á samningum sem snúa að niðurgreiðslu ferða allan sólarhringinn. Ekki er vitað um neina félagsmenn út á landi sem eru að kalla eftir ferðapjónustu í sínu sveitafélagi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Leigubíla öpp
<p>Leiguíbúðir Blindrafélagið leigir út tuttugu íbúðir til langtímaleigu. Auk þess eru tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi leigð út til skemmri tíma til félagsmanna og aðstandenda. Önnur gestaíbúðin er einnig nýtt sem endurhæfingaríbúð. Samkvæmt niðurstöðum könnunar Gallup þá telja um 41% svarenda að leiguíbúðir séu að þeirra mati mikilvægur þjónustupáttur. Ef langtímaleiguíbúð losnar þá er hún auglýst og félagsmönnum stendur til boða að leigja íbúðina að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (þurfa til dæmi að vera undir ákveðnum tekju og eignamörkum). Valnefnd sér síðan um að fara yfir allar umsóknir og meta umsækjendur. Ef tekið er mið af fjölda umsókna og niðurstöðum skoðanakannana þá er lítil þörf á að byggja fleiri leiguíbúðir fyrir félagsmenn Blindrafélagsins.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tölvupóstur
<p>Leiðsöguhundar Blindrafélagið beitir sér fyrir því að tryggja félagsmönnum sínum aðgang að leiðsöguhundum, með því að finna hunda erlendis, fjármagna kaupin á þeim og flutning til landsins. Að innkaupum loknum þá afhendir Blindrafélagið Sjónstöðinni hundana að gjöf og þar með verða þeir að opinberum hjálpartækjum. Hjá félaginu er leiðsöguhundadeild sem</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samstarf við Sjónstöðina en notendur sækja

<p>er síðan bakhjarlastuðningur við notendur leiðsöguhundana. Hlutverk Blindrafélagsins er einnig að kynna leiðsöguhunda fyrir félagsmönnum.</p> <p>Innflutningur á leiðsöguhundum er fjármagnaður með styrkjum frá einstaklingum og samtökum, með sölu á leiðsöguhundadagatali, samstarfsverkefni við Lions (rauða fjöðrin), í gegnum safnanir á samfélagsmiðlum, öflun stuðningsaðila (aðkeypt þjónusta hjá Miðun) og með fjármagni frá ráðuneytinu.</p> <p>Í dag eru tólf starfandi hundar og þörf er á að flytja inn þrjá til fjóra hunda á ári á næstu þrem árum en þá þarf að endurmeta stöðuna. Samkvæmt skoðunarkönnun Gallup þá hafa 35,6% svarenda áhuga á því að fá sér leiðsöguhund eða um 37 einstaklingar.</p>	<p>þjónustu til Sjónstöðvarinnar</p>
<p>Talgervill</p> <p>Að frumkvæði Blindrafélagsins þá stendur blindum, sjónskertum, lesblindum og öðrum sem geta ekki lesið með hefðbundnum hætti til boða endurgjaldslaus afnot af talgervilsröddunum Karli og Dóru. Úthlutanir fara fram í gegnum Blindrafélagið, Sjónstöðina og Hljóðbókasafn Íslands.</p> <p>Talgervilsraddirnar eru hugbúnaður fyrir tölvu sem les upp stafrænan texta á tilteknu tungumáli. Notendur fá talgervilinn þeim að kostnaðarlausu en geta keypt sér viðbótar tungumál. Hugbúnaðurinn er fyrir Windows og Android stýrikerfin. Karl og Dóra eru raddir talgervils sem Blindrafélagið hafði frumkvæði að yrði þróað ásamt því að og fjármagna verkefnið. Raddirnar voru teknar í notkun árið 2012 og var heildarkostnaður við smíði þeirra 80 milljónir króna. Lang stærsti notendahópurinn á talgervlinum eru lesblindir. Talgervillinn getur lesið fréttir, tengst raddstuðningi (Voice assistant) og framkvæmt aðgerðir. Raddir Karls og Dóru eru einnig nýtt fyrir leshnappa á t.d. rúv.is. Inni í framhaldsskólum eru einnig mínar síðar með aðgang að upplýsingum og námsefni þar sem leshnappar með röddum Karls og Dóru eru nýttar.</p> <p>Notendur munu í Windows umhverfinu geta nýtt sér raddir Karls og Dóru en óvissa er með stuðning í Android umhverfinu. Beðið er eftir nýjum íslenskum talgervilsröddum sem hluta af máltækniáætlun fyrir íslensku.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vefsíða

<p>Trúnaðarmenn Hjá Blindrafélaginu starfa þrír trúnaðarmenn sem eru blindir eða sjónskertir og liðsinna þeir öðrum blindum og sjónskertum félagsmönnum. Sjá má í niðurstöðum könnunar Gallup að tæp 50% svarenda telja trúnaðarmannakerfið vera mikilvægan þjónustubátt fyrir þá.</p> <p>Starf trúnaðarmanns felst í að veita andlegan jafningjastuðning þeim sem hafa eða eru að missa sjón. Trúnaðarmenn hafa samband við félagsmenn megin reglan er tvö símtöl á ári. Þar sem þeir spjalla og veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Heyra hvað þeim liggur á hjarta, veita upplýsingar um hvert þau eigi að snúa sér til að nýta sér réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta, kynna fyrir þeim nýjungar í tæknimálum og hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu. Hjá Blindrafélaginu starfa þrír trúnaðarmenn í samanlagt 75% starfshlutfalli og vinna þeir að mestu heima frá sér. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga trúnaðarmönnum hjá félaginu.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Símtal
<p>1818 Lögbindum félögum Blindrafélagsins sem eru í símaviðskiptum við Símann, Vodafone eða Hringdu eiga kost á gjaldfrjálsri þjónustu í gegnum upplýsingaveituna 1818 og fá fría áframtingingu. Þeir félagsmenn sem vilja nýta þessa þjónustu hafa samband við félagið. Þörf er á að gera samskonar samninga við önnur símafélög en hafa þau ekki sýnt vilja þess.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Símtal • Tölvupóstur
<p>Vefpulan Vefpulan er hluti af talgervilsþjónustunni og með því að bæta vefþulu við efni á vefsíðu þá birtist „hlusta“ hnappur á síðunni. Þegar smellt er á hnappinn þá hefst upplestur á efni á síðunnar. Vefpulan lýsir síðan upp þau orð og þær setningar sem hún les hverju sinni. Virkni sem er til dæmis inni á blind.is. Vefpulan er víða nýtt en umtalsverð þörf er á að fleiri stofnanir og fyrirtæki taki vefþuluna í sína þjónustu.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vefsíða
<p>Be My Eyes Be My Eyes er app sem notendur geta sótt á Google Play eða Apple Store og hlaðið niður í símann sinn. Appið virkar þannig að blindur eða sjónskertur notandi getur hringt í gegnum appið í skráða sjálfboðaliða og fengið sjónræna aðstoð. Það hringir hjá nokkrum sjálfboðaliðum og sá fyrsti sem svarar aðstoðar viðkomandi. Mögulegt er að hringja í Blindrafélagið í gegnum appið og fá aðstoð. Be My Eyes getur verið gagnlegt</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • App í síma • Símtal

<p>þjónustuúrræði en þar sem þetta er nýleg lausn þá hefur hún ekki náð mikilli útbreiðslu á Íslandi.</p>	
<p>Styrktarsjóðir Blindrafélagið heldur utan um fjóra styrktarsjóði sem öllum er stýrt af sjálfstæðum stjórnnum. Sjóðirnir eru eftirfarandi: (1) Sjóðurinn Blind börn á Íslandi, (2) Stuðningur til sjálfstæðis-styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, (3) Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur og (4) Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur. Félagsmenn geta sótt um styrk í sjóðina og sjá stjórnir sjóðanna um að úthluta styrkjunum. Sótt er um styrk í gegnum vefsíðu Blindrafélagsins eða hringt er inn og fengin aðstoð við að sækja um styrki. Úthlutun úr sjóðunum er einu sinni til tvisvar á ári, eftir sjóðum. Nánari úthlutunarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu Blindrafélagsins.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vefsíða • Símtal
<p>Vefvarp Vefvarpið er nettengdur vélbúnaður sem býður upp á talandi fjölmiðlun fyrir blinda og sjónskerta. Vefvarps tækið er eins og vefvafri sem les upp efni af hinum ýmsum miðlum. Vefvarpið opnar blindu og sjónskertu fólki sem ekki er vel tölvulæst aðgang að upplýsingum og efni fjölmiðla svo sem fréttum og afþreyingarefni af vettvangi Blindrafélagsins, hljóðbókum frá Hljóðbókasafni Íslands, Morgunblaðinu á útgáfudegi og vefmiðlum líkt og vísir.is, Kjarnanum, Stundinni og fjölbreytt efni af hlaðvörpum og tímaritum, sem annars er að miklu leiti óaðgengilegt fyrir þennan hóp notenda. Getur einnig stillt vefvarpið þannig að það lesi þýðingartextaá erlendu sjónvarpsefni jafnóðum og hann birtist á skjánum. Vefvarpið er framleitt af Solutions Radio og er það einfaldur, talandi, gagnvirkur og notendavænn Daisy móttakari. Vefvarpið notar íslensku talgervilsróddina Karl.</p> <p>Sótt er um að fá úthlutað tæki hjá Blindrafélaginu eða Sjónstöðinni en í dag eru um 300 tæki í notkun. Vefvarpinu er úthlutað sem hjálpartæki eða það er leigt hjá Blindrafélaginu gegn gjaldi ef viðkomandi uppfyllir ekki sett skilyrði fyrir því að fá vefvarpinu úthlutað sem hjálpartæki. Samkvæmt skoðanakönnun Gallup þá telja 45% félagsmanna vefvarpið vera mikilvægan þjónustupátt. Sjá má að þeim mun eldri sem svarendur eru þeim mun mikilvægari er þessi þjónustupáttur fyrir þá.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vefvarpstæki

<p>Útgáfa og fræðsla Blindrafélagið stendur fyrir fjölbreyttri útgáfustarfsemi svo sem útgáfu á vikulegu fréttabréfi, upptökum af fundum og ráðstefnum, Víðsjá, kynningarmyndböndum, greinum um aðgengismál, efni um tölvur og tækni, Hljóðbrot (Hljóðtímariti Blindrafélagsins). Gerir einnig vísinda- og fræðslugreinar um augnsjúkdóma aðgengilegar á vefsíðu félagsins.</p> <p>Í niðurstöðum skoðanakönnunar Gallup má sjá að 63% svarenda telja Fréttabréf Blindrafélagsins vera mikilvægan þjónustupátt, 48% telja vefsíðu Blindrafélagsins mikilvægan þjónustupátt og 41% telja Hljóðbrot vera mikilvægan þjónustupátt.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vefsíðar • Tölvupóstur
<p>Félagsstarf Blindrafélagið heldur úti fjölbreyttu félagsstarf sem vel er sótt af félagsmönnum s.s. Opið hús, er haldið tvisvar í viku með skemmtidagskrá sem tekur mið af væntingum eldra blinda og sjónskerts fólks, Heilsuklúbbur Blindrafélagsins stendur fyrir jóga, styrktar æfingum og slökun tvisvar í viku. Að auki er haldið úti sundleikfimi, bókmenntaklúbbi, jafnréttisnefnd, og skemmtinefnd. Dagskráin er auglýst á miðlum félagsins og opið öllum.</p> <p>Í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup má sjá að tæp 45% svarenda telja að félagsstarf Blindrafélagsins s.s. opið hús og félagasamkomur séu mikilvægur þjónustupáttur. Verið er að leggja mat á hvað megi gera til þess að efla þátttöku yngri félagsmanna í félagsstarfi Blindrafélagsins.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá félaginu • Vefsíða
<p>Vefverslun Blindrafélagið heldur úti vefverslun sem auðveldar félagsmönnum að nálgast ýmis hjálpartæki. Vefverslunin er einnig búðargluggi fyrir verslun í móttöku Blindrafélagsins. Aðgengilegt á vefsíðunni, blind.is</p> <p>Í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup má sjá að tæp 70% svarenda telja að hjálpartækjaverslun Blindrafélagsins sé mikilvægur þjónustupáttur.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vefsíða • Hjá félaginu
<p>Aðgengismál Blindrafélagið leggur áherslu á að stafrænt aðgengi sé í samræmi við gildandi lög og þá alþjóðlegu samninga sem Ísland á aðild að. Séu kröfur um stafrænt aðgengi uppfylltar eykur það möguleika á samfélagslegri virkni og atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Símtöl

<p>einstaklinga. Blindrafélagið veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um ferilfræðilegt og stafrænt aðgengi. Hjá Blindrafélaginu starfa aðgengisfulltrúar í samtals 1,5 starfshlutfalli. Áhersla í starfi aðgengisfulltrúa liggur í að þrýsta á að stafræn þjónusta mikilvægra fyrirtækja og stofnanna sé í samræmi við gildandi reglur og alþjóðasamninga. Verkefni á þessu sviði eru svo gott sem óendanleg.</p>	
<p>Lögfræðiaðstoð Blindrafélagið veitir félagsmönnum sínum lögfræðiaðstoð í málum er varða sértæk lagaleg réttindi blindra og sjónskertra einstaklinga. Lagt er mat á einstök mál þegar þau berast Blindrafélaginu.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá félaginu • Símtöl

4.2 Þjónusta Hljóðbókasafns Íslands og aðgengi að þjónustu

Hljóðbókasafn Íslands (Hljóðbókasafnið / HBS) starfar samkvæmt ákvæðum bókasafnslaga nr. 150/2012, í samræmi við Reglugerð um Hljóðbókasafn Íslands og samnings við Rithöfundasamband Ísland um rétt til að framleiða og dreifa ritverkum til notenda safnsins á grundvelli heimildar í höfundalögum nr. 73/1972.

Hljóðbókasafnið veitir bókasafnsþjónustu til þeirra sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt. Safnið miðlar fjölbreyttu safnaefni og námsgögnum til notenda og kynnir þjónustu safnsins fyrir fagaðilum og stofnunum. Lögð er áhersla á að framleiða og veita notendum aðgang að efni sem er í sem bestu samræmi við óskir, áhuga og þarfir notenda. Safnið leitar leiða til að standa jafnfætis sambærilegum söfnum á Norðurlöndunum m.t.t. tækniframfara, þekkingu og þjónustu til notenda.

Þjónusta og starfsemi Hljóðbókasafnsins tekur mið af kröfum sem tilgreindar eru í lögum, reglugerðum og samningum. Lögð er áhersla á gott aðgengi að fjölbreyttu safnefni og miðlun námsgagna, lesforritum og persónulegri þjónustu við notendur og fagaðila.

Í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup má sjá að tæp 75% svarenda höfðu nýtt sér þjónustu safnsins á síðustu 12 mánuðum, að tæp 90% svarenda telja Hljóðbókasafnið vera mikilvægan þjónustupátt og að tæp 98% svarenda voru ánægð með þjónustu safnsins. Það

sem skipti svarendur mestu máli voru aðgengi að nýjum bókum, úrval bóka, beiðnir um ákveðna bókatitla og persónuleg þjónusta.

Eftirfarandi er samantekt á þjónustu Hljóðbókasafnsins ásamt upplýsingum um aðgengi að þjónustunni.

Útlán hljóðbóka

Hljóðbókasafnið þjónustar blinda, sjónskerta og aðra þá sem ekki geta nýtt sér hefðbundið prentletur svo sem einstaklinga með ADHD og lesblinda. Hópurinn sem sækir þjónustu til Hljóðbókasafnsins hefur vaxið og breikkað frá því að það var upphaflega stofnað sem Blindrabókasafn. Safnið er lokað safn og til að fá aðgang að þjónustunni þá þarf að skila inn umsókn og vottorði. Öllum lánþegum safnsins stendur til boða að fá frían talgervil frá Blindrafélaginu. Hljóðbókasafnið sendir staðfestingu á Blindrafélagið um að viðkomandi sé lánþegi hjá safninu.

Í vefvarpinu er að finna þrjár hillur af bókum: þema mánaðarins, 20 nýjustu bækurnar og svo bókahillu notanda. Safnið getur sett inn í hilluna fyrir notendur. Einnig er hægt að hala niður bókum af vefsíðu safnsins og innan appsins. Safnið er með bókalista til að velja úr. Einnig eru prentaðar út bókaskrár sem fólk getur fengið afhentar.

Safnið tekur niður óskir um innlestur bóka. Meginreglan er að safnið geri bækur aðgengilegar með því að lesa þær á safninu. Safnið er einnig að kaupa um það bil 5-6% bóka af markaði. Í náinni framtíð er hugsanlegt að auka samstarf um framleiðslu á hljóðbókum og þá með útgefendum. Það er misjafnt hverjir lesa inn á bækur á markaðnum og því mat hverju sinni hvort það sé nógu gott fyrir safnið. Það er verið að marka stefnu um hvernig innlestri verði háttáð hjá safninu í framtíðinni. Safnið er með á ári hverju um 22% af útgefnum íslenskum bókum ef allt er tekið með sem gefið er út á Íslandi. Áhersla er lögð á barna- og unglingsbækur. Safnið sinnir vel tilteknum flokkum bóka sem koma út á Íslandi en nær einungis að gera lítinn hluta aðgengilegan ef tekið er mið af allri útgáfu á Íslandi sbr. töflu á bls. 13. Safnið hefur metnað til þess að kanna hvaða efni lánþegar telja að vanti. Nauðsynlegt er að dragast ekki aftur úr hvað varðar prósentuhlutfall af allri útgáfu.

Aðgengi að þjónustu

- Hjá HBS
- Vefsíða
- App
- Vefvarp
- CD diskur

<p>Notendur sækja þjónustu í gegnum heimasíðu eða í appi. Þeir geta valið um að fá hljóðbók afhenta á geisladiski, í gegnum streymi af vef og með hlustun í gegnum appið. Flestir kjósa að nota appið. Einnig er hægt að hlusta á bækur í gegnum vefvarpið.</p>	
<p>Millisafnalán Norðurlanda Hljóðbókasafnið er í samstarfi við hljóðbókasöfn allra Norðurlandanna um millisafnalán en því miður ekki þess danska þar sem löggjöf þar í landi kemur í veg fyrir það. Megin áhersla safnsins er á efni á íslensku því er mjög brýnt að millisafnalánin gangi vel fyrir sig og að safnið kynni fyrir lánþegum þann möguleika. Með undirritun Marrakesh sáttmálans verður sú staða mun betri. Lánþegar Hljóðbókasafnsins geta fengið efni á þessum söfnum lánaðar í gegnum Hljóðbókasafn Íslands. Lánþegar hafa samband við Hljóðbókasafnið, safnið sækir bókina og setur inn í safnkost safnsins. Ef safnið á bókina ekki til, þá vísað inn á söfn á norðurlöndunum og lánþegar leita þar sjálfir eða með aðstoð safnsins. Ef lánþeginn finnur svo bókina sem hann leitar að þá sendir hann upplýsingar á safnið og þau sækja bókina fyrir lánþegann og setja í safnkortið.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá HBS • Símtöl • Vefsíður
<p>Miðlun námsgagna Hljóðbókasafnið gerir prentleturs-hömluðum nemendum kleift að nálgast námsefni til jafns við aðra. Safnið grípur boltann þar sem menntamálastofnun hættir að sinna þessum hópi en það er þegar notendur fara í framhaldsnám. Safnið hefur aðallega sinnt framhaldsskólastigi en ekki háskólastigi. Háskólarnir eru með skannað háskólaefni. Safnið getur sótt mikið af bókum til Svíþjóðar og eiga Svíarnir góðan bókabanka. Safnið fer yfir bókalista og biður kennara um að láta safnið vita ef þörf er á bókum. eru að reyna að finna flöt á meira samstarfi við Sjónstöðina. Rík þörf er á að skoða námsefnisgerð fyrir háskólastigið en safnið telur slæmt að geta ekki boðið háskólanemendum aðgang að kennsluefni skólanna á aðgengilegu formi.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá HBS • Vefsíða • App
<p>Upplýsingagjöf Starfsfólk útlánadeildar aðstoðar lánþega með upplýsingagjöf og leiðbeinir þeim við val á bókum. Í útlánadeild starf 2-3 starfsmenn, tvö föst stöðugildi annað sinnir líka öðrum verkefnum sem og eitt 80% tímabundið stöðugildi.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá HBS • Vefsíða • Samfélagsmiðlar (Facebook)

<p>Þjónusta útlánadeildar er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál. Þau veita einnig upplýsingar um tæki og tól sem lánþegar geta notað og eru í boði hjá Blindrafélaginu og Sjónstöðinni.</p> <p>Þörf er á að koma upp netspjalli á vefsíðu safnsins til að ná betur til yngra fólks eða fólks sem vill síður hringja. Einnig að smíða nýjan vef til að auðvelda leit að bókum, sækja um aðgang að safninu sem og almenna upplýsingamiðlun til notenda.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tölvupóstur
<p>Persónuleg þjónusta</p> <p>Útlána- og upplýsingadeild sjá um að velja hljóðbækur fyrir lánþega, lána út bækur, aðstoða með vefvarpið og notkun á appinu. Þau sjá um nýskráningar lánþega, þjónustu við námsmenn og alla almenna upplýsingagjöf. Lánþegar geta mætt á staðinn og spjallað þegar þeir sækja sér þjónustu og geisladiska með efni (fyrir þá sem það vilja). Einnig boðið upp á tækniaðstoð t.d. með að sækja appið og ef þeim vantar lykilorð. Starfsmenn hafa mikla þekkingu á þörfum lánþega og er það styrkur safnsins. Safnið er mikið félagslegt úrræði fyrir blinda og sjónskerta. Styrkleiki þjónustunnar er að veitt er þjónusta í gegnum síma og þannig fá lánþegar góðan tíma til að spjalla.</p> <p>Boðið er upp á símatíma frá 10-14 sem safninu þykir of stuttur þjónustutími. Stuttur símatími stafar af smæð stofnunarinnar þar sem einungis eru tvö stöðugildi á útlánadeild. Starfsmenn útlánadeildar þurfa að geta sinnt umsóknum, fyrirspurnum á vef, samstarfi og utanumhaldi og því er símatíminn aðeins fjórir tímar á dag. Þrátt fyrir stuttan símatíma þá hefur gengið vel og lánþegar eru orðnir vanir þessu.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá HBS • Símtöl
<p>Lesforrit</p> <p>Boðið er upp á ýmis forrit til að lesa bækur safnsins. Bæði með hljóði og texta. Lánþegar geta nýtt appið, vefvarpið, talgervilinn Karl og Dóru, stuðst við EasyReader og vefspilara sem sýnir einnig textann (eins og appið gerir). Rík þörf er á nýjum talgervil og hefur safnið hefur tekið þátt í þróun hans.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • App • Vefvarpið • Talgervill • EasyReader • Vefspilari

<p>Aðstoð Safnið veitir lánþegum tæknilega aðstoð ef upp kemur bilun í appinu. Hafa til dæmi sent lánþegum sem eru í vandræðum upplýsingar sem pdf skjal. Lánþegar geta hringt inn, farið inn á vefsíðuna, sent tölvupóst á safnið eða mætt til að fá aðstoð. Myndi uppsetning á netspjalli á vefsíðu bæta þjónustu við notendur. Eldra fólk á ekki alltaf auðvelt með að mæta á staðinn og oft erfitt að kenna fólk í gegnum síma. Því hefur safnið boðið upp á heimavitjanir fyrir þá sem þurfa á því að halda.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá HBS • Símtöl • Tölvupóstur
<p>Bæklingar Senda bæklinga á framhaldsskólanema sem eru að hefja nám og kynna safnið fyrir þeim. Safnið sendir út bæklinga einu sinni á ári. En í takt við grænu skrefin þá hefur safnið almennt dregið úr bæklingagerð. Möguleiki er á að senda bæklinga/upplýsingar til notenda í tölvupósti og/eða í gegnum vefvarpið.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tölvupóstur
<p>Heimsóknir Starfsmenn safnsins fara í heimsóknir t.d. út í skóla, Hringsjá, fangelsin, í Kennaraháskólann (kynning fyrir nemendur) og til annarra sem þess óska. eru með úrræði fyrir þá sem þurfa þjónustu en eru ekki í virkri markaðssetningu. Hafa upplifað að almenningi finnst þeir eiga rétt á hljóðbókum en geta ekki verið að auglýsa sig mikið á markaðnum (fara mjög varlega í það). eru lokað safn og veita því ekki öllum þjónustu. Safnið er ekki í samkeppni við Storytel. Einbeita sér því að ákveðnum stöðum til að auglýsa þjónustu safnsins og eru ekki í herferðum þó svo að æskilegt væri að kynna starfsemina betur.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heimsóknir
<p>Samstarf Ef einstaklingar eru komnir í þjónustu hjá Sjónstöðinni þá komast þeir inn í þjónustu safnsins. Þá er ekki þörf á að koma aftur með gögn til safnsins til að fá aðgang. Safnið er í góðu samstarfi við Blindrafélagið og Sjónstöðina. Sjónstöðin og Blindrafélagið hafa samband beint við safnið með skráningu lánþega og úthlutun Vefvarps tækja. Samstarfið á milli aðila almennt mjög gott.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á ekki við
<p>Tungumál Safnið á eitthvað til af bókum á pólsku en tilgreina að þau mættu standa sig betur í því. Mögulega skoða betur samstarf við sambærilegt safn í Póllandi.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á ekki við

Vefsíða safnsins er aðeins í boði á íslensku og unnið er að því að setja upp enska útgáfu af síðunni. Einnig er þörf á að bjóða upp á fleiri tungumál.

4.3 Þjónusta Sjónstöðvarinnar og aðgengi að þjónustu

Sjónstöðin starfar samkvæmt lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og heyrir undir Félagsmálaráðuneytið.

Sjónstöðin þjónustar blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (notendur). Markmið stöðvarinnar er að auka möguleika þeirra til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Áhersla er lögð á stuðning við notendur svo þeir geti jafnt við aðra stundað nám, sinnt eigin heimilishaldi, verið virk í tómskundum og virk í atvinnulífinu.

Þjónusta Sjónstöðvarinnar tekur mið af þeim kröfum sem tilgreindar eru í lögum og lýst er í markmiðum stöðvarinnar og þar af leiðandi veitir stöðin margvíslega ráðgjöf og fræðslu til notenda, aðstandenda og fagaðila sem og að veita þjónustu er snýr að hæfingu og endurhæfingu notenda.

Í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup má sjá að 93% svarenda telja Sjónstöðina vera mikilvægan þjónustubátt. Þá má einnig sjá að 89% svarenda sem eru sjónskertir telja þjónustubáttinn mikilvægan, 93% þeirra sem eru lögblindir og 100% þeirra sem eru blindir. Flestir svarenda sem nýttu sér þjónustu Sjónstöðvarinnar á síðustu 12 mánuðum sóttu sér hjálpartæki (54,7%), þjónustu sjónfræðinga (45,7%) og tölvuráðgjöf (19,8%). Þessar þrjár þjónustur voru einnig þær þjónustur sem skiptu svarendum mestu máli. Af þeim sem fengu úthlutuð hjálpartæki þá voru 97,5% ánægð með hjálpartækin.

Eftirfarandi er samantekt á þjónustu Sjónstöðvarinnar ásamt upplýsingum um aðgengi að þjónustunni.

<p>Kennsla/ráðgjöf í athöfnum daglegs lífs</p> <p>Sjónstöðin veitir kennslu í athöfnum daglegs lífs og vinnur að því að auka sjálfstæði, færni og virkni notenda. Með sérfræðingum Sjónstöðvarinnar í samstarfi með notendum er fundin lausn á hindrunum tengdum sjónskerðingu. Lausnir geta falist í notkun sérstakra hjálpartækja og/eða í því að læra tækni við að gera hlutina á nýjan hátt. Sjónstöðin veitir kennslu/ráðgjöf við að gera notendur sjálfstæðari t.d. við: matargerð, borðhald, þvott, þrif, persónulega umhirðu, skipulag og innkaup. Þá eru veittar ráðleggingar um lýsingu og litaskil ásamt vali á aðgengilegum tækjum. Þjónustan fer fram hjá Sjónstöðinni, heima hjá notendum, í skólum, vinnustöðum, með símtali eða tölvupósti og er aðlöguð að þörfum hvers notenda. Þjónustan er mikið verkleg og byggð á samtölum um athafnir daglegs lífs (ADL).</p> <p>Í dag þá starfar einn adl ráðgjafi á Sjónstöðinni en þeim hefur fækkað á undanförunum árum. Fyrirkomulagi í adl ráðgjöf hefur verið breytt vegna fækkunar á adl ráðgjöfum og nú sinna sjónfræðingar adl ráðgjöf að hluta til og vísa málum áfram til adl ráðgjafa eftir þörfum. Þörfin er mikil þar sem adl ráðgjöf er stór hluti af allri ráðgjöf stöðvarinnar. Til að efla adl ráðgjöf stöðvarinnar þá stendur til að fá kennara frá IBOS í Danmörku til að vera með námskeið fyrir u.þ.b. fimm ráðgjafa.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Heimsóknir • Símtöl • Tölvupóstur
<p>Athuganir á aðgengi</p> <p>Umferliskennarar Sjónstöðvarinnar framkvæma athuganir á aðgengi í og við byggingar svo sem skóla, vinnustaði og opinberar byggingar til að meta hvort og hvernig hægt sé að bæta aðgengi. Stöðin veitir einnig ráðleggingar um aðgengislausnir og er í samskiptum við sveitarfélög og stofnanir ef aðgengi er ábótavant t.d. ef vantar hljóðmerki, bæta þarf lýsingu eða leggja leiðarlínur og áherslusvæði. Niðurstaða athugunar á aðgengi er síðan birt í formi skýrslu og henni er jafnvel fylgt eftir með viðeigandi aðilum. Notendur og aðstandendur benda oftast en ekki á það sem betur má fara og hafa þá beint samband við stöðina sem kemur málinu áfram.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Símtöl • Tölvupóstur
<p>Ráðgjöf við fjölskyldur og aðstandendur</p> <p>Sjónstöðin veitir þjónustu við aðstandendur notenda sem felst meðal annars í upplýsingamiðlun um sjónskerðingu og afleiðingar hennar á daglegt líf einstaklinga. Í ráðgjöfinni er lögð áhersla á fræðslu um mismunandi orsakir sjónskerðingar og blindu, hvernig það er fyrir notendur að lifa með sjónskerðingu og hvað er hægt að gera til að</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Heimsóknir

<p>aðstoða og styðja við einstaklinginn. Sjónfræðingur gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun og ráðgjöf til notenda og aðstandenda ásamt öðrum ráðgjöfum. Starf félagsráðgjafa er mikilvægur hluti af allri þjónustu við fjölskyldur og aðstandendur. Það er misjafnt hverjir það eru sem koma að þjónustunni og fer það eftir barni eða einstaklingi en yfirleitt eru 2-3 aðilar frá Sjónstöðinni. Yfirleitt mætir einstaklingurinn og aðstandendur hans á Sjónstöðina og fá fjölskyldufund. Ef aðilar eru á landsbyggðinni þá eru þeir heimsóttir. Þá fer fram fjölskyldufundur á staðnum. Þar fá aðstandendur til dæmis að upplifa sjónhermi gleraugu til að upplifa sjónskerðingu og prufa önnur hjálpartæki t.d. hvíta stafinn. Notendum er kynnt þjónustan og þegar þeir þiggja þessa þjónustu er hún framkvæmd.</p>	
<p>Ráðgjöf við vinnustaði Sjónstöðin veitir leiðbeiningar og ráðgjöf til notenda þjónustu og vinnuveitenda um aðlögun vinnuumhverfis. Veittar eru leiðbeiningar varðandi staðsetningu á vinnuaðstöðu og lýsingu, aðgengi fyrir alla og ráðleggingar varðandi hjálpartæki. Einnig er veitt þjálfun í umferli um vinnustaðinn. Helstu hömlurnar hafa verið að vinnustaðurinn þarf að kaupa öll hjálpartækin fyrir starfsmanninn svo sem forrit, standa undir hugbúnaðarleyfum, stækkunartæki, arm á tölvuskjá, stærri skjá og fleira sem notandinn þarf. Ráðgjöfin fer fram á vinnustaðnum. Einnig er stuðst við Skype/Teams fyrir fjarfundi.</p> <p>Mikilvægt verður að viðhalda núverandi ástandi það er með kennslu og ráðgjöf. Það væri mikill kostur ef vinnustaðurinn þyrfti ekki að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir því að ráða starfsmanninn. Að vinnustaður þurfi að greiða fyrir búnað getur haft áhrif á ráðningu umsækjanda og getur verið mjög íþyngjandi fyrir viðkomandi.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heimsóknir • Myndbönd • Fjarfundir
<p>Umferliskennsla Umferliskennsla snýst um að kenna aðferðir og leiðir til að komast frá einum stað til annars innan dyra sem utan. Kennslan nýtist þeim sem eru með litla eða enga sjón eða þeim sem eru með sjónúrvinnsluerfiðleika. Umferliskennsla getur verið með eða án notkunar á hvíta stafnum. Úthlutun á hvíta stafnum er ávallt fylgt eftir með kennslu. Áttun í umferli er mikilvæg svo og kennileiti og skynjun á umhverfinu. Boðið er upp á einstaklingsmiðaða umferliskennslu fyrir börn og fullorðna. Veitt er ráðgjöf um aðgengi á heimilum, skólum, vinnustöðum og stofnunum. Boðið er upp á námskeið og fræðslu fyrir notendur, aðstandendur og fagfólk stofnana. Áttun og rötun er kennd þar sem notandinn þarf að læra</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heimsóknir

<p>nýjar leiðir til dæmi til og frá skóla, heimili og/eða vinnustað. Kennslan fer fram þar sem notandinn er staddur hverju sinni. Kennslan er yfirleitt einstaklingsmiðuð eða í minni hópum.</p> <p>Í dag þá starfa þrír ráðgjafar í umferli. Einn er sérkennsluráðgjafi, annar leiðsöguhundabjálfi og sá þriðji ráðgjafi í adl. Þörf er á að fjölga ráðgjöfum í umferli þar sem einn ráðgjafi mun láta af störfum innan fárra ára vegna aldurs og annar hefur nóg með að sinna þeim sem eru með leiðsöguhunda. Sérstaklega þegar leiðsöguhundum fer fjölgandi. Þegar Sjónstöðin tók til starfa þá voru 6 ráðgjafar í umferli og þeim hefur fækkað verulega síðan þá.</p>	
<p>Virkniráðgjöf Virkniráðgjöf veitir notendum ráðgjöf um markmiðasetningu, náms- og starfsval, sí- og endurmenntun, skólaumsóknir, atvinnuleit og leiðbeinir við gerð ferilskrár og kynningarbréfa. Ráðgjöfin er einstaklingsbundin og fer oftast fram á Sjónstöð, heima hjá notanda eða í gegnum síma/tölvupóst. Ráðgjafinn getur einnig verið í tengslum við kennara, náms- og starfsráðgjafa og yfirmenn. Einn starfsmaður er í fullu starfi við að sinna virkniráðgjöf. Ráðgjöfin er í mótun þar sem þetta hafði verið í lögð vegna breytinga í starfsmannahaldi</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Símtöl • Tölvupóstur
<p>Félagsráðgjöf Félagsráðgjafi veitir notendum og aðstandendum þeirra ráðgjöf og aðstoð varðandi félagsleg réttindi. Félagsráðgjafi vinnur eftir siðareglum félagsráðgjafa þar sem markmið félagsráðgjafa er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála notenda og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi metur félagslega stöðu notenda með tilliti til samfélagslegra úrræða. Hann veitir upplýsingar um samfélagsleg úrræði og aðstoðar við umsóknarferli óski notendur þess. Félagsráðgjafi er einnig tengiliður við ýmsar stofnanir til dæmis félagsþjónustur sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, við einkaaðila og fleiri. Ráðgjöfin fer oftast fram á Sjónstöð, heima hjá notanda eða gegnum síma/tölvupóst.</p> <p>Mikil ásókn er hjá félagsráðgjafa og hefur hún aukist samhliða fjölgun notenda sem ekki tala íslensku. Gert er ráð fyrir að aðsókn í félagsráðgjafa muni aukast enn frekar samhliða fjölgun erlendra notenda.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Heimsóknir • Símtöl

<p>Tölvu- og tækniráðgjöf</p> <p>Sjónstöðin veitir tölvu- og tækniráðgjöf og eru tveir starfsmann í fullu starfi við að sinna kennslu og ráðgjöf. Notendur þurfa að hafa aðgang að tölvu til að geta nýtt sér tölvutengdu hjálpartækin sem eru í boði. Þar sem hjálpartækin virka ekki við hvaða aðstæður sem er, þá ráðleggur Sjónstöðin um kaup og uppsetningu á almennum tölvubúnaði. Stöðin annast úthlutun á tölvutengdum hjálpartækjum sem blindir, sjónskertir og einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu geta nýtt sér til daglegra verka, starfs, náms og afþreyingar og veita ráðgjöf því tengdu. Bæði er um ráðgjöf og notendastuðning vegna hugbúnaðar s.s. stækkunarforrit og talforrit (tölvur og síma) Einnig um aðlögun á Microsoft umhverfi. Reglur um úthlutanir og uppfærslur eru mismunandi eftir búnaði. Ráðgjöf og notendastuðningur snýr einnig að snjalltækjum. Kennsla og stuðningur við notendur er einstaklingsmiðað og fer fram maður á mann. Ef við á þá er stuðst við fjartengingar hugbúnað (remote desktop). Verið er að vinn í að setja upp kennslumyndbönd á Youtube.</p> <p>Í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup má sjá að 48% svarenda notar tölvu eða snjallsíma vegna vinnu/skóla í 1 klukkustund eða lengur á einum sólarhring á meðan 48% notar ekki tölvu eða snjallsíma vegna vinnu eða skóla. Notkun tölvu eða snjallsíma í frítíma sýnir að 65% svarenda notar tölvu eða snjallsíma í frítíma sínum meðan 35% notar aldrei tölvu eða snjallsíma í frítíma sínum.</p> <p>Sjá má að 72% svarenda sem eru 55 ára eða eldri nota ekki tölvu eða snjallsíma vegna vinnu eða skóla meðan um 80% svarenda 54 ára og yngri nota tölvu eða snjallsíma í 1 klukkustund eða lengur vegna vinnu eða skóla. Það er einnig athyglisvert að sjá að 47% svarenda sem eru 55 ára og eldri nota ekki tölvu eða snjallsíma í frítíma sínum og 6% í aldurshópnum 40-54 ára.</p> <p>Aukin þörf er fyrir beina kennslu til notenda þar sem fleiri og fleiri nota tölvur, síma og önnur snjalltæki á heimilum. Einnig þarf stöðin að vera á undan þróuninni og hafa tíma til að stunda rannsóknir og taka þátt í rannsóknum sbr. verkefni Almennaróms o.fl.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Símtöl • Fjartenging við tölvu (remote access) • Á staðnum • Í heimahúsi
<p>Sérkennsluráðgjöf - nám</p> <p>Sérkennsluráðgjöf vegna náms er þjónusta fyrir notendur í námi (öll skólastig, leik- til háskólastigs og símenntunarstöðvar) og felst í því að ráðgjafi stöðvarinnar leggur mat á stöðu nemandans með tilliti til aðgengi að námi og námsefni. Byggt á matinu þá er veitt</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heimsóknir • Fjarfundir

ráðgjöf í skóla og til annarra sem koma að þjónustu við nemanda. Þjónustan sem stöðin veitir felur meðal annars í sér athugun og mat á sjónnýtingu nemandans, fræðslu fyrir starfsfólk skólans og samnemendur á sjónskerðingu og sjónnýtingu, mat á hjálpartækjabörf, mat á hentugri leturstærð og leturgerð, innlögn punktaleturs og ráðgjöf til kennara og aðstandenda, útvega og milliganga námsgagna á aðgengilegu formi, ráðgjöf og kennsla á hjálpartæki og forrit í tölvum í samvinnu við tölvuráðgjafa stöðvarinnar, ráðgjöf til kennara og nemenda um rafræna kennsluhætti, fræðsla og aðstoð til nemandans til að styrkja og efla jákvæða sjálfsmynd, aðstoð við námstækni í samvinnu við kennara eða námsráðgjafa ef þörf er á. Stuðningur og ráðgjöf við foreldra ungra barna eða snemmtæk íhlutun. Kennsla til kennara um hvernig á að kenna punktaletur eða abakus. Samstarf við aðrar stofnanir sem veita nemandanum þjónustu s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð, Heyrnar – og talmeinastöð, Samskiptamiðstöð, kennsluráðgjöf sveitarfélaga. Oft á tíðum er samstarf við félagsþjónustu sveitarfélaga. Ráðgjöfin fer að mestu leiti fram í skóla nemandans. Teymisfundir eru ýmist rafrænir eða haldnir á staðnum (í skólanum).

Í dag þá eru tveir kennsluráðgjafar og einn sjónfræðingur í teymi. Verið er að vinna að breyttu verklagi til að kennsluráðgjafar komist yfir meira. Þegar stofnunin fór af stað voru fjórir kennsluráðgjafar í teymi. Þörf er á að hafa 4 kennsluráðgjafa. Einnig þá hafa verkefnin breyst þar sem um er að ræða börn með meiri fatlanir og meira samstarf við aðrar stofnanir.

- Símtöl
- Á staðnum

Sérkennsluráðgjöf - frístundir

Sérkennsluráðgjöf vegna frístunda er stuðningur sem sniðinn er að þörfum barns og fjölskyldu. Ráðgjöfin tekur meðal annars mið af aldri og sjónskerðingu. Lögð er áhersla á ráðgjöf, stuðning og samstarf við foreldra barnsins og þá sem hafa umsjón með frístundastarfinu. Stuðningur við frístundir felur meðal annars í sér: aðstoð við aðlögun á tómsundum, stuðning og fræðslu um sjónskerðingu og nýtingu sjónar, fræðslu fyrir þjálfara og umsjónaraðila frístunda, ráðleggingar vegna ADL og umferlis, ráðleggingar vegna aðgengismála, aðstoð við pantanir á stækkuðu letri eða punktalettri ef við á, mat á þörf fyrir lýsingu, ráðgjöf um gagnleg hjálpartæki. Ráðgjöfin fer að mestu fram í skóla nemandans eða húsnæði frístundarinnar. Teymisfundir sem eru ýmist rafrænir eða í skóla eða frístundaheimili fara fram í gegnum Teams/Skype fjarfundabúnað.

- Aðgengi að þjónustu**
- Heimsóknir
 - Fjarfundir
 - Símtöl

<p>Sambætt sjón- og heyrnaskerðing</p> <p>Sjónstöðin ber ábyrgð á starfrænu greiningarteymi fyrir fólk með sambætta sjón- og heyrnarskerðingu. Teymið styðst við Alþjóðlega flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu (ICF) þar sem skoðuð er færni einstaklings í þeim aðstæðum sem þeir búa við. Í teyminu eru auk fulltrúa frá Sjónstöðinni, fulltrúar frá HTÍ (Heyrnar- og talmeinastöð Íslands), Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Greiningar- og ráðgjafarstöðin. Teymið hittist 1x í mánuði. Þessi hópur notenda (fólk með sambætta sjón- og heyrnarskerðingu) eiga rétt á allri sömu þjónustu og veitt er öðrum notendum hjá Sjónstöðinni. Einstaklingum með sambætta sjón- og heyrnarskerðingu er boðið starfrænt mat þar sem metið er hvað gengur vel og til hvaða úrræða þarf að grípa í félagslegu umhverfi einstaklingsins til að hann nái sem mestri virkni og sjálfstæði. Greiningin fer fram maður á mann og með táknmálstúlki ef þörf er á (nýlega var ráðinn táknmálstalandi starfsmaður). Fjarfundir með fagaðilum hafa einnig farið fram á Teams/Skype. Mikið og gott samstarf hefur verið við fagfólk á norðurlöndum i gegnum Norrænu velferðarskrifstofuna.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Heimsóknir • Fjarfundir
<p>Sjónathugun</p> <p>Sjónstöðin býður upp á starfrænt mat á sjón og sjónnýtingu með sjónfræðing. Starfræna matið er leiðbeinandi við úthlutun á sjónhjálpartækjum. Jafnframt sinna sjónfræðingar kennslu í notkun sjónhjálpartækja. Þjónustan fer yfirleitt fram á staðnum en ráðgjafinn fer einnig til þeirra notenda sem ekki geta mætt á staðinn svo sem vegna aldurs eða þar sem þeir búa úti á landi. Stöðin er með landsbyggðaráætlun um fastar ferðir til notenda en fara einnig í aðrar ferðir eftir þörfum.</p> <p>Sjónfræðiteymi samanstendur af augnlækni og sjónfræðingum. Sjónfræðiteymi tekur þátt í að undirbúa og halda einstaklings- eða fjölskyldufræðsla um sjónskerðinguna ásamt öðrum ráðgjöfum stöðvarinnar. Sjónfræðiteymið sér einnig um skráningu blinduflokka samkvæmt tilvísun eða eftir starfrænt mat á sjónnýtingu. Tilvísunarteymi fer yfir allar tilvísanir og heldur utan um skráningu á sjónskerðingu og sjónskerðingaflokki.</p> <p>Augnlæknir er ráðgefandi augnlæknir fyrir ráðgjafa stöðvarinnar. Í flóknari málum tekur hann þátt í sjónmati. Tekur þátt í að útskýra sjónskerðingu og veitir fræðslu til einstaklingsins.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Heimsóknir

<p>Aðlagað lesefni</p> <p>Á útgáfusviði Sjónstöðvarinnar er prentaður texti aðlagður að þörfum blindra og sjónskertra. Það getur meðal annars falið í sér að setja upp bækur, leshefti og verkefnahefti í punktalettri, stækkuðu lettri og tölvutæku formi. Stöðin gerir námsefni aðgengilegt á punktalettri, aðgengilegt fyrir punktaletursskjái og skjálesara, prenta texta og bækur með punktalettri, útbúa upphleyptar skýringamyndir fyrir þá sem treysta á þreifiskyn, einfalda myndir og/eða draga úr áreitum í flóknum myndum. Verið er að kanna hvort Menntamálastofnun geti hýst eigið efni sem Sjónstöðin hefur aðlagð svo að það geti nýst fleirum. Þessi þjónusta skarast á við þjónustu Hljóðbókasafnsins varðandi textabækur. Geta mögulega verið að vinna sömu bækurnar. Eftir að efnið er útbúið þá er það oftast sent í tölvutæku formi til notenda. Helst er prentað út fyrir yngstu notendurna sem eru í leikskóla.</p> <p>Hjá Sjónstöðinni þá starfa fjórir starfsmenn í fullu starfi við að sinna aðlögun. Í upphafi þegar verkefnið var flutt frá Blindrabókasafninu þá fylgdu tveir starfsmenn með. Með því að bæta við stækkuðu lettri þá blés deildin út.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tölvupóstur • Í gegnum aðra ráðgjafa
<p>Endurgreiðslur gleraugna</p> <p>Sjónstöðin sér um endurgreiðslur ríkisins vegna gleraugnakaupa. Ekki lögbundið hlutverk heldur farið eftir reglugerð. Stöðinni var falið þetta verkefni. Fyllt er út í umsókn í gleraugnaverslun eða á heimasíðu Sjónstöðvarinnar og fólk sendir síðan umsóknina inn sem viðhengi í tölvupósti.</p> <p>Mikill tími starfsmenna fer í þessa þjónustu. Felur hún meðal annars í sér að yfirfara og samþykkja umsóknir, þrátt fyrir að búið sé að gera ferlið gagnvirkt. Starfið hefur aukist. Síðastliðið sumar var sett aukið fjármagn í endurgreiðslurnar og endurgreiðsla aukin til yngsta aldurshópsins. Þetta hefur kallað á meiri vinnu og má ætla að starfshlutfall við þessa vinnu sé um 30%. Ekki er reiknað með sérstöku umsýslugjaldi fyrir þessa vinnu. Skoða mætti hvort ekki ætti að reikna inn umsýslugjald fyrir umsjón með þessari vinnu þar sem þetta er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tölvupóstur • Bréfpósti • Á staðnum

Leiðsöguhundar

Sjónstöðin ber ábyrgð á úthlutun leiðsöguhunda til notenda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Búið er að skilgreina leiðsöguhunda sem hjálpartæki og setja í reglugerð að stöðin eigi að sjá um ferlið. Þjónustan er framkvæmd í nánú samstarfi við Blindrafélagið þar sem Blindrafélagið hefur séð um fjármögnun, innflutning, kaup og sóttkví leiðsöguhundanna. Sjónstöðin sér um úthlutun, áframhaldandi þjálfun og samþjálfun, eftirlit og eftirfylgni. Stöðin heldur námskeið fyrir notendur sem eru áhugasamir um leiðsöguhunda. Til að eiga gilda umsókn þurfa notendur að hafa tekið þátt í námskeiðinu. Notendur sem sækja um að fá leiðsöguhund fara í gegnum ítarlegt ferli þar sem þættir eru metnir er varða hreyfingu og umferli auk þess sem aðstæður eru metnar til að halda hund. Ekki er starfandi úthlutunarnefnd heldur er úthlutun hunda eins og með önnur hjálpartæki. En ekki er hægt að úthluta hundum nema þeir séu til (fjöldi hunda ræðst af því hvað Blindrafélagið getur fjármagnað marga hunda og er það hlutverk Sjónstöðvarinnar að koma leiðsöguhundum í vinnu). Forstjóri fer yfir öll gögn sem fylgja umsókninni. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um það hver/hverjir fá úthlutun er bréf sent til allra umsækjanda. Ef notandi/notendur þiggja hundinn þá er gerður samningur við notandann til þriggja mánaða (reynslutími). Á þeim tíma er það hlutverk notanda og stöðvarinnar að átta sig á því hvort líkur séu á að samstarfið gangi upp. Ef allt gengur vel er samningurinn endurnýjaður og formleg úthlutun fer fram. Ef ljóst er eftir samþjálfun að notandi þurfi frekari stuðning og meiri þjálfun þá útbýr leiðsöguhundabjálfi þjónustuáætlun.

Í niðurstöðum fyrir skoðanakönnun Gallup má sjá aukinn áhuga svarenda á að fá leiðsöguhund en 38% svarenda sýnir áhuga á að fá sér leiðsöguhund samanborið við 16% svarenda í sambærilegri könnun sem framkvæmd var fyrir þremur árum. Í niðurstöðum mátti sjá að 46% svarenda hafði ekki þörf fyrir leiðsöguhund og 3% voru nú þegar með leiðsöguhund.

Mestur áhugi fyrir því að fá sér leiðsöguhund er hjá konum en 42% kvensvarenda höfðu áhuga á að fá sér leiðsöguhund meðan 23 karlsvarenda höfðu áhuga á að fá sér leiðsöguhund. Stærstur hluti svarenda var á aldursbilinu 40-54 ára en 72% þeirra höfðu áhuga á að fá sér hund meðan 46% svarenda á aldursbilinu 18-39 ára og 22% sem voru 55 ára eða eldri höfðu áhuga á að fá sér hund. Það er einnig áhugavert að sjá að 18-39 ára svarenda höfðu mjög lítinn áhuga og 45% svarenda sem voru 55 ára og eldri höfðu mjög lítinn áhuga að fá sér hund.

Aðgengi að þjónustu

- Hjá stöðinni

Í opnum svörum á sjá að helstu ástæður þess að svarendur hafa ekki fengið sér leiðsöguhund hafa að gera með aðstæður heima fyrir, kostnað, óvissu með það hvernig hann muni nýtast og bið eftir því að fá hund.

Fyrir fjárframlög 2022 voru settar inn auka 10 milljónir sem ætlað var að mæta rekstri Sjónstöðvarinnar á starfi leiðsöguhundabjálfa. Hinsvegar hefur breytingu á lögum Sjónstöðvarinnar ekki verið mætt sérstaklega þar sem stendur að: „Ríkissjóður skal tryggja árlega fjármagn til að afla, þjálfra og flytja inn leiðsöguhunda til samræmis við eftirspurn hverju sinni.“ Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sér um öflun leiðsöguhunda í samstarfi við Blindrafélagið. Notendur skulu ekki bera kostnað sem hlýst af öflun og þjálfun slíkra hunda eða vegna flutnings slíkra hunda til og frá landi hverju sinni. Mikilvægt er að útfæra þennan hluta laganna þar sem ekki er til fé innan núverandi hjálpartækja fjármagns til að standa straum af þessum kostnaði.

Úthlutun hjálpartækja

Sjónstöðin úthlutar hjálpartækjum til blindra og sjónskertra til að auðvelda þeim daglegt líf. Úthlutun hjálpartækja fer fram samkvæmt reglugerð. Ráðgjafar Sjónstöðvar aðstoða notendur við að finna hjálpartæki sem ekki eru til úthlutunar hjá Sjónstöðinni s.s. í netverslunum eða hjá félagasamtökum. Hjálpartæki til úthlutunar geta t.d. verið gleraugu, linsur, stækkunargler, stækkunartæki, hljóðspilarar og stafir. Úthlutun fer fram að undangenginni ráðgjöf. Smá hjálpartækjum er úthlutað strax meðan sum tæki þarf að sérpanta. Unnið er eftir ISO staðli og haldið er utan um notendalista í MS365 CRM kerfi stöðvarinnar.

Ekki hefur verið bætt við fjármagni fyrir úthlutanir hjálpartækja. Fjármagnið hefur verið sambærilegt frá upphafi. Ný tækni það er höfuðborin stækkunartæki kallar á auknar úthlutanir fyrir hóp sem ekki gat nýtt sér stækkunartæki áður. Búið er að áætla að um 100 notendur sem ekki var hægt að úthluta stækkunartækjum til áður geti nýtt sér þessa nýju tækni en ljóst er að það eru gríðarlega mikil lífsgæði sem felast í tækinu. Til að mæta þörfum þessara 100 notenda þá þarf að bæta í úthlutun 50 milljónir sem dreift væri á 3 ára tímabil. Síðan ætti að vera orðið eðlileg endurnýjun og úthlutun.

Aðgengi að þjónustu

- Hjá stöðinni
- Heimsóknir

<p>Punktaletur Ráðgjafar Sjónstöðvarinnar sjá um kennslu punktaleturs. Í upphafi er framkvæmt mat. Matið er í samstarfi við skóla en ef notandi er fullorðinn þá er matið framkvæmt maður á mann. Kennsluáætlun er sett saman. Punktaleturskennsla fer bæði fram á pappír sem og með punktaleturs skjá. Kennslan er í gegnum Teams/Skype. Notað er Jaws/NVDA punktaletursforrit. Hægt er að tengjast öðrum Jaws notenda í gegnum forritið. Einnig er boðið upp á fjartengingu fyrir kennsluna.</p> <p>Áhugi er hjá eldri hópnum sem er að missa sjón að læra punktaletur. Breyttar áherslur eru í punktaleturskennslu þar sem eingöngu börnin fengu úthlutuðum punktaleturs skjá þegar þau voru að byrja að læra. En nú er þessi hugmyndafræði komin yfir á fullorðna líka það er að læra á tölvu og punktaleturs skjá á sama tíma. Verið er að nýta eldri skjái en æskilegt væri að hægt væri að úthluta nýjum skjáum þar sem breytingar hafa orðið á virkni þeirra. Töluverður kostnaður fylgir kaupum á nýjum skjáum en hver skjár kostar um kr. 500.000.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjarfundur • Fjartenging (Jaws)
<p>Fróðleikur og bæklingar Sjónstöðin hefur tekið saman fróðleik og gefið út bæklinga tengda sjónskerðingu og daglegu lífi þeirra sem glíma við hana. Að hluta aðgengilegt inni á vefnum. Verið að vinna í að færa meira af efni í stafrænt form og inn á vefinn. Eitthvað til á pappír. Einnig er verið að safna tölvupóstföngum til að geta sent efni beint á notendur. Einnig mætti meira efni vera aðgengilegt í fræðslumyndböndum.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tölvupóstur • Vefsíða
<p>Samstarf við önnur Evrópulönd Sjónstöðin er í samstarfi við önnur Evrópulönd og tekur þátt í sameiginlegum verkefnum. Hefur aðallega með fagþekkinguna að gera og til að afla þekkingar deila reynslu, tækni og aðferðum. Sjónstöðin sækir þekkingu erlendis með því að fara á sýningar eða námskeið eða í gegnum fjarfundarbúnað.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjarfundabúnað • Heimsóknir
<p>Augnsmiður Augnsmiður starfar samkvæmt reglugerð og er ekki að veita lögbundna þjónustu. Augnsmiður kemur frá Danmörku þriðja til fjórða hvern mánuð. Alls eru um 10 manns sem eru skráðir notendur hjá Sjónstöðinni sem sækja þessa þjónustu. En um 230 manns sem falla ekki undir skilgreininguna að vera sjónskertur sækja þessa þjónustu.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni

<p>Sálfræðiráðgjöf Sjónstöðin á samkvæmt lögum að veita sálfræðiráðgjöf. Verið er að miða við að fólk fái þrjá tíma hjá sálfræðingi í ráðgjöf sem Sjónstöðin sér um og greiðir fyrir. Sálfræðingur sendir notendur áfram ef þörf er á meðferð. Þjónustan fer fram maður á mann eða á Teams/Skype ef fólk kýs það.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Fjarfundir • Á stofu sálfræðings
<p>Jafningjafræðsla Í jafningjafræðslu þá er notendum gefið færi á að hitta annan notanda sem er í sömu stöðu og viðkomandi. Fær með því að spegla sig við aðstæður annarra. Jafningjafræðslan er maður á mann eða á Teams/Skype ef notendur kjósa það. Ráðgjafar Sjónstöðvarinnar sjá um að para saman fólk. Verið er að skoða hvort þessi þjónusta ætti frekar heima hjá Blindrafélaginu sérstaklega þegar það kemur að notendum á atvinnualdri og eldra fólk. Þörfin er töluverð þar sem fólk sem sækir í jafningjafræðslu segir það oft hjálpa sér mest að hitta aðra í sömu stöðu og lært af þeirra reynslu.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjá stöðinni • Fjarfundir
<p>Samstarf við augnlækna og aðrar stofnanir Augnlæknir sendir tilvísun til að notandi geti nýtt sér þjónustuna. Verið er að efla samstarf við augnlækna til að efla þjónustu við notendur svo sem við aðrar stofnanir, sveitafélög, hjúkrunarheimili og skóla. Rafræn tilvísun er send í gegnum Sögukerfið.</p>	<p>Aðgengi að þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á ekki við.

5.0 LÖG, REGLUGERÐIR, SAMNINGAR OG TILSKIPUN ESB

Í samráði við Blindrafélagið var verkefnið afmarkað við eftirfarandi lög, reglugerðir, samninga og tilskipun ESB:

- Bókasafnalög, nr. 150/2012
- Höfundalög, nr. 73/1972
- Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, nr. 11/2016
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018
- Lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, nr. 160/2008
- Marrakesh samningurinn, 2016 (hefur verið undirritaður en tekur gildi 9. mars 2022)
- Reglugerð um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996
- Reglugerð um Hljóðbókasafn Íslands, nr. 939/2013
- Reglugerð um úthlutun á hjálpartækjum á vegum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 233/2010
- Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, fullgiltur á Íslandi árið 2016
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102

Með aðstoð Friðriks Friðrikssonar hjá Blindrafélaginu voru kröfur unnar úr þessum lögum, reglugerðum, samningum og tilskipun og sett upp í eftirfarandi er lista:

5.1 Kröfur í bókasafnalögum	
15. gr.	Að HBS sjái þeim sem ekki geta notað venjulegt letur fjölbreytt safnefni þ.m.t. námsgögn í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda.
5.2 Kröfur í höfundalögum	
19. gr.	Að stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga hafi heimild til að gera mynd- eða hljóðupptöku eintök en upptökur má aðeins nota innan stofnunar sem samningur tekur til.

5.3 Kröfur í lögum um breytingu á höfundalögum	
2. gr.	Að einstaklingur með sjón- eða lestrarhömlun, eða einstaklingur fyrir hans hönd, getur gert eintak á aðgengilegu formi af verki eða öðru efni sem eingöngu ætlað til eigin nota.
2. gr.	Að viðurkennd eining getur gert eintak á aðgengilegu formi af verki eða öðru efni, miðlað, gert aðgengilegt, dreift eða lánað einstaklingi með sjón- eða lestrarhömluneða annarri viðurkenndri einingu með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sé það ekki gert í hagnaðarskyni og sé eingöngu til afnota fyrir einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun.
2. gr.	Að viðurkennd eining getur miðlag eintaki á aðgengilegu formi af verki eða öðru efni, gert aðgengilegt, dreift eða lánað einstaklingi með sjón- eða lestrarhömlun sem búsettur er í ríkjum sem eru aðilar að Marrakesh-sáttmálanum eða viðurkenndum einingum með staðfestu í sömu ríkjum.
2. gr.	Að einstaklingur með sjón- eða lestrarhömlun sem og viðurkennd eining mega fá eða hafa aðgang að verki á aðgengilegu formi sem er miðlað, gert aðgengilegt, dreift eða lánað af viðurkenndri einingu sem hefur staðfestu innan EES og sem eru aðilar að Marrakesh-sáttmálanum.
2. gr.	Að viðurkennd eining skal veita einstaklingum með sjón- eða lestrarhömlun á aðgengilegan hátt og formi upplýsingar um verk eða annað efni sem hún hefur eintök, á hvaða formi efnið er sem og upplýsingar um aðrar einingar sem hún skiptist á eintökum við.
5.4 Kröfur í reglugerð um Hljóðbókasafn Íslands	
2. gr.	Að hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni. Sérstök áhersla skal lögð á námsþjónustu.
3. gr.	Að safnið annist framleiðslu, útgáfu og dreifingu á safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda, og í því formi sem er viðeigandi hverju sinni.

3. gr.	Að safnið skuli leitast við að koma sér upp sem fjölbreyttustum bókakosti til útlána.
5.5 Kröfur í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir	
1. gr.	Að fatlað fólk eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess.
1. gr.	Að þjónustan miðist við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi, óskir og önnur atriði sem skipta máli, svo sem kyn, kynferði, aldur, þjóðernisuppruna, trúarbrögð o.fl.
3. gr.	Að fatlað fólk skal eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga.
3. gr.	Að opinberum aðilum ber að tryggja að sú þjónusta sem veitt er sé samfelld og samþætt í þágu einstakra notenda.
3. gr.	Að reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum þessum.
8. gr.	Að fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta þannig að það geti staðið til jafns við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað m.t.t. tilgreindra þarfa í 8.gr.
8. gr.	Að stoðþjónusta sem miðar að því að treysta möguleika fatlaðra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
8. gr.	Að stoðþjónusta sem miðar að því að uppfylla þarfir fatlaðra til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

8. gr.	Að stoðþjónusta sem miðar að því að veita fötluðum sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlífs.
8. gr.	Að stoðþjónusta sem miðar að því að uppfylla þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
8. gr.	Að stoðþjónusta sem miðar að því að uppfylla þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.
8. gr.	Að sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfa saman á þjónustusvæði skulu reka þjónustustofnanir til að veita stoðþjónustu ef ekki er mögulegt að veita þjónustuna í almennum úrræðum með viðeigandi aðlögun.
9. gr.	Að fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu.
10. gr.	Að einstaklingi er heimilt að sækja um samning við sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings eða aðstoðar.
11. gr.	Að einstaklingur á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.
13. gr.	Að tryggja skal að fötluð börn fái nauðsynlega þjónustu svo að þau geti notið mannréttinda og mannhelgi til jafns við önnur börn, lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Þá skulu fötluð börn hafa raunverulegan aðgang að og njóta menntunar, þjálfunar, starfsundirbúnings og tómsunda.
13. gr.	Að fjölskyldur fatlaðra barna skulu fá nægilega þjónustu til þess að fötluð börn þeirra geti notið réttinda sinna til fulls og jafns við aðra.

16. gr.	Að sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum þegar skólar starfa ekki
24. gr.	Að fatlað fólk skal eiga kost á atvinnu- og hæfingar tengdri þjónustu sem stuðlar að aukinni hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi
25. gr.	Að sveitarfélögum er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar s.s. styrk fyrir verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni og styrk fyrir námskostnaði.
5.6 Kröfur í lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	
1. gr.	Starfrækja skal þjónustu- og þekkingarmiðstöð (ÞPM) með það að markmiði auka möguleika þeirra sem eru blindir og sjónskertir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku.
1. gr.	ÞPM skal veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar.
1. gr.	ÞPM skal þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.
1. gr.	ÞPM skal hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu.
1. gr.	ÞPM skal sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

4. gr.	ÞPM veitir þjónustu vegna hæfingar og endurhæfingar þeirra sem eru blindir eða sjónskertir, að undanskilinni frumgreiningu augnsjúkdóma, frumgreiningu á sjón og læknismeðferð. Þjónusta ÞPM snýr m.a. að (1) greiningu, mati, ráðgjöf, kennslu og úthlutun hjálpartækja, (2) yfirfærsla efnis, (3) stuðning við nám á öllum skólastigum, (4) stuðning við sjálfstæði í búsetu, (5) stuðning við atvinnuþátttöku og (6) stuðning til virkra tómsunda.
4. gr.	ÞPM veitir greiningu á þörf fyrir hæfingu og endurhæfingu
4. gr.	ÞPM veitir starfrænt mat og sjónmat
4. gr.	ÞPM veitir mat á þörf og úthlutun sérhæfðra hjálpartækja sem ekki er úthlutað á vegum Tryggingastofnunar eða Heyrnar- og talmeinastöðvar.
4. gr.	ÞPM veitir ráðgjöf um umhverfi, lýsingu og aðgengi.
4. gr.	ÞPM veitir sálfræðiráðgjöf og félagsráðgjöf vegna aðstæðna sem tengjast fötluninni.
4. gr.	ÞPM veitir skynfæraörvun, kennslu blindraleturs, umferliskennslu, kennsla í sjónbeitingu og kennslu í notkun hjálpartækja
4. gr.	ÞPM sér um útgáfu vottorða til staðfestingar á fötlun
4. gr.	ÞPM sér um yfirfærsla efnis vegna náms, tómsunda eða starfa af svartletri yfir á blindraletur, stækkað letur, þreifiefni eða stafrænt form annað en hljóðbækur.
4. gr.	ÞPM veitir ráðgjöf og námskeiðahald fyrir foreldra og starfsfólk menntastofnana um námsumhverfi og kennsluhætti.
4. gr.	ÞPM veitir námsráðgjöf
4. gr.	ÞPM veitir sérhæfða kennslu

4. gr.	ÞPM metur þörf fyrir sérútbúið námsefni, svo sem þreifiefni, námsefni með stækkuðu lettri, blindralettri eða á stafrænu formi
4. gr.	ÞPM veitir þjálfun í athöfnum daglegs lífs.
4. gr.	ÞPM veitir þjálfun í lífsleikni.
4. gr.	ÞPM veitir starfsráðgjöf.
4. gr.	ÞPM veitir aðstoð og ráðgjöf vegna aðlögunar á nýjum vinnustað, t.d. varðandi umhverfi, umferlismál, hjálpertæki og fræðslu til samstarfsfólks.
4. gr.	ÞPM veitir þjálfun í félagsfærni og sjálfstyrking
4. gr.	ÞPM tekur þátt í rannsóknum og þróunarverkefnum sem hafa það að markmiði að meta aðstæður blindra og sjónskertra og bæta stöðu þeirra.
4. gr.	ÞPM sér um þróun og viðhald þekkingarbrunnis á sviði fötlunar vegna blindu og sjónskerðingar, og miðlun upplýsinga og fróðleiks á þessu sviði út í samfélagið.
4. gr.	ÞPM er til ráðgjafar við þjónustustofnanir og aðra sem þjónusta blinda og sjónskerta svo þau geti uppfyllt hlutverk sitt.
4. gr.	ÞPM skal sinna fræðslu, ráðgjöf og leiðsögn við einstaklinga, aðstandendur þeirra og aðra sem eru að jafnaði í tengslum við blinda, sjónskerta varðandi áhrif fötlunarinnar, viðeigandi þjálfun og úrræði.
4. gr.	ÞPM er heimilt að gera þjónustusamning við sveitarfélög um að annast þjónustu til blindra og sjónskertra fyrir þeirra hönd.
5. gr.	ÞPM skal veita þjónustu við einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og aðstandendum til samræmis við verkefni þau sem talin eru upp í 4. gr. á grundvelli fötlunar þeirra. Þjónustan er einungis á þeim

	sérfræðisviðum sem stofnunin býr yfir og er veitt í samstarfi við aðra aðila og stofnanir sem veita (einstaklingum með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu) þjónustu.
6. gr.	ÞPM skal halda skrá yfir alla sem eru blindir, sjónskertir og með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hér á landi í þeim tilgangi að bæta þjónustu við þá, tryggja gæði þjónustunnar og hafa með henni eftirlit og til tölfraeðiúrvinnslu og vísindarannsókna til samræmis við skilgreint hlutverk.
8. gr.	Verði ÞPM þess áskynja að einstaklingar sem stofnunin sinnir njóti ekki fullnægjandi þjónustu annarra aðila skal stofnunin leiðbeina þeim við að fá úrlausn mála.
8. gr.	Ríkissjóður skal tryggja árlega fjármagn til að afla, þjálfar og flytja inn leiðsöguhunda til samræmis við eftirspurn hverju sinni. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sér um öflun leiðsöguhunda í samstarfi við Blindrafélagið. Notendur skulu ekki bera kostnað sem hlýst af öflun og þjálfun slíkra hunda eða vegna flutnings slíkra hunda til og frá landi hverju sinni.
8. gr.	Miðstöðin tekur á móti og afgreiðir umsóknir um leiðsöguhunda. Þeim skal úthlutað til einstaklinga sem taldir eru, að undangengnu mati, geta nýtt sér þá sem hjálpartæki til aukins öryggis og sjálfstæðis við daglegt líf. Úthlutun er fylgt eftir með þjálfun hjá sérþjálfuðum hundaðþjálfurum og umferliskennurum. Úthlutun fylgir mat á aðstæðum einstaklings og mat á þörun einstaklings og leiðsöguhunds.
5.7 Kröfur í reglugerð um úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	
1. gr.	Sjúkratryggðir eiga rétt á að fá úthlutaðum hjálpartækjum frá ÞPM. Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

5.8 Kröfur í reglugerð um atvinnumál fatlaðra	
2. gr.	Svæðisskrifstofur skulu sjá til þess að fötluðum verði veitt ráðgjöf um möguleika þeirra til starfa með hliðsjón af starfsgetu, áhugasviði og framboði starfa, jafnt almenn ráðgjöf sem og sérhæfð með tiltekin störf í huga.
3. gr.	Svæðisskrifstofur skulu skipuleggja atvinnuleit þar sem henni er ekki sinnt af vinnumiðlun sveitarfélaga.
4. gr.	Svæðisskrifstofur skulu gera samninga við vinnumiðlun sveitarfélaga um að útvega fötluðum einstaklingum atvinnu.
5. gr.	Þar sem svæðisskrifstofa málefna fatlaðra hefur falið vinnumiðlun sveitarfélags að annast atvinnuleit fyrir fatlaða skal sú vinnumiðlun m.a. sinna þeim verkefnum sem svæðisskrifstofum hafa verið falin í 2., 3. og 4. gr.
6. gr.	Fötluðum starfsmönnum skal veitt sérstök liðveisla, verkstjórn, starfsþjálfun og vinnu í verndaðri vinnuaðstöðu. Gerður skal sérsamningur við vinnuveitanda þar sem tilgreint er sérstaklega vinnutími, kaup og kjör.
7. gr.	Svæðisskrifstofur skulu sjá um að starfsfólki á þeim vinnustöðum þar sem fatlaðir vinna, sbr. 6. gr., séu veittar leiðbeiningar og fræðsla, svo sem þörf krefur.
9. gr.	Fatlaðir skulu njóta hæfingar, starfshæfingar eða iðju eftir því sem best hentar hverjum og einum. Getur sú þjálfun átt sér stað á hæfingar- eða endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnunum fatlaðra, vernduðum vinnustöðum eða á almennum vinnumarkaði.
12. gr.	Á vernduðum vinnustöðum skal með skipulögðum hætti endurmeta getu einstaklinga og viðfangsefni í þeim tilgangi að starfgeta nýtist til annarra viðfangsefna eða annarra starfs, t.d. á almennum vinnumarkaði.

5.9 Kröfur í samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	
4. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans.
4. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismununun vegna fötlunar sem einstaklingur, stofnun eða einkafyrirtæki gerir sig sekt um.
4. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á vörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu, sem fara saman við algilda hönnun skv. 2. gr. samnings þessa og breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérþörfum fatlaðs fólks, að gera gangskör að því að þau séu á boðstólum og notuð og að ýta undir algilda hönnun þegar móta á staðla og leiðbeiningar.
4. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og gera gangskör að því að hún sé á boðstólum og notuð, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni, hreyfibúnaður, tæki og hjálpargögn, sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði.
4. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hreyfibúnað, tæki og hjálpargögn, þar með talið nýja tækni, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu.
4. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að auka þjálfun fagmanna og starfsmanna, sem vinna með fötluðu fólki, um þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja
8. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að vekja þjóðfélög til vitundar, m.a. fjölskylduna, um fatlað fólk og auka virðingu fyrir réttindum þess og meðfæddri göfgi.

8. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að vinna á móti staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, m.a. þeim sem heimfæra má til kyns og aldurs, á öllum sviðum mannlífs.
8. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til þess að auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.
8. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að vinna stöðugt að átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi, ýta undir það sjónarmið að virða beri réttindi fatlaðs fólks, hvetja alla fjölmiðla til þess að gefa mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samningsins, hvetji til að gerðar séu áætlanir um vitundarvakningarfræðslu um fatlað fólk og réttindi þess.
9. gr.	Stjórnvöld skuldbinda sig til að gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi m.a. að mannvirkjum, upplýsinga- og samskiptaþjónustu.
<p>Marrakesh samningurinn, 4 gr. Viðurkenndum aðilum skal heimilt, án leyfis höfundarétthafa, að gera afrit af verki á aðgengilegu sniði, fá frá öðrum viðurkenndum aðilum afrit á aðgengilegu sniði og afhenda bótaþega þessi afrit með hvaða hætti sem er, þ.m.t. með útláni eða með rafrænum samskiptum og gera hvers kyns ráðstafanir til að ná þeim markmiðum</p>	<p>Hljóðbókasafn Íslands Uppfyllt að hluta til með eftirfarandi þjónustu(um):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Millisafnalán frá söfnum á norðurlöndunum nema að ekki er hægt að fá millisafnalán frá Danmörku • Búið er að breyta höfundalögum og lokið hefur verið við að undirrita Marrakesh samninginn en með undirritun samningsins þá eykst aðgengi að bókum í millisafnalánum 	<p>Sjónstöðin Fyllilega uppfyllt með eftirfarandi þjónustu(um):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sama og að ofan 	<p>Blindrafélagið</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hefur ekki áhrif á starfsemina
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------

7.0 LYKIL UMBÓTATÆKIFÆRI

Blindrafélagið, Hljóðbókasafn Íslands og Sjónstöðin hafa ólíkan tilgang og þjóna mismunandi hlutverki en eiga það sameiginlegt að þau þjónusta blinda og sjónskerta einstaklinga. Hljóðbókasafn Íslands og Sjónstöðin eru stofnanir sem bera lagalega skyldu til að sinna ákveðnu hlutverki í þjónustu við blinda og sjónskerta og er þeim tryggð árlegt fjármagn í fjárlögum meðan Blindrafélagið eru hagsmunasamtök sem styðjast við fjármagn sem þau afla í fjáröflunum.

Á samtölum við stjórnendur og aðra starfsmenn Hljóðbókasafnsins, Sjónstöðvarinnar og Blindrafélagsins má heyra að þjónustan er heilt yfir góð, uppfylli að stærstum hluta þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og samningum og hafa áhrif á starfsemina. Einnig má heyra að umbætur á þjónustu og verkefni því tengdu eru settar skorður með takmörkuðu fjármagni og mönnun.

Eftirfarandi listi af úrbótatækifærum er unnin út frá viðtölum við forsvarsmenn og í framhaldi af greiningu Intellecta á stöðunni:

- **Stofnun þjónusturáðs**

Samstarf milli aðila er gott og njóta notendur þjónustunnar góðs af því. Öll eiga þau það sameiginlegt að þau vilja gera meira og betur í þjónustu við notendur. Lagt er til að aðilar meti fýsileikann á stofnun þjónusturáðs. Ráðið myndi hafa þann tilgang og markmið að leita leiða til að efla samstarf milli aðila um bættu þjónustu við notendur. Ráðið er samráðsvettvangur þar sem aðilar koma saman 3-4 sinnum á ári til að fara yfir og ræða samstarfsverkefni, stöðu á þjónustu við blinda og sjónskerta og leggja fyrir tillögur að nýjum verkefnum. Með því móti má mynda haldgóðan samráðs- og samstarfsvettvang sem hefur sameiginlegt markmið og sameiginlegan ávinning af því að samþætta betur þjónustu við notendur. Einnig má sem slíku ráði draga úr því að verið sé að bjóða upp á sömu þjónustu á öllum þremur stöðunum samanber tækni og tölvukennslu/ráðgjöf.

- **Sameina og samþætta framleiðslu og framsetningu á kennslu og fræðsluefni**

Tækifæri er til að samþætta framleiðslu og sameina á einn vef kennslu og fræðsluefni en sem dæmi þá veita Hljóðbókasafnið, Sjónstöðin og Blindrafélagið öll notendum tölvu og

tækniráðgjöf. Er sú ráðgjöf að stórum hluta einstaklingsbundin þjónusta. Skoða mætti tækifærið til að gera þessa fræðslu og ráðgjöf miðlæga þannig að hún þjóni enn betur þörfum notenda sem og að skapa aukna breidd í ráðgjöf og fræðsluefni. Mikilvægt er að koma sem mestu efni inn á vefinn þannig að öllum sé tryggður gott aðgengi að efninu.

Vinna fer mikið fram í gegnum tölvur og talaði Sjónstöðin sérstaklega um mikilvægi þess að auka tölvuþekkingu notenda með ýmiskonar fræðslu og kennslu. En til þess þarf aukið samstarf og fjármagn.

Einnig má horfa til kennslu og fræðsluefnis með tilliti til mismunandi notendahópa þannig að aðilar sameinist um staðsetningu og framsetningu á almennu efni eins og hvar er að finna aðstoð, hver gerir hvað, styrkja umhverfið, hæfing og endurhæfing og svo framvegis.

- **Áskoranir tengdar fjölmenningu**

Innflytjendum hefur fjölgað mikið á síðustu tveimur áratugum og eru þeir nú um það bil 15.5% íbúa. Þetta eru að stærstum hluta Pólverjar, Litháar og Filippseyingar. Fyrir utan að hafa annað móðurmál en íslenskuna þá er menning þeirra frábrugðin okkar. Gera má ráð fyrir aukningu innflytjenda þar með talið flóttamanna. Stuðst er við túlka í dag en óhjákvæmilega þá kemur að þeim tíma þar sem setja þarf aukið fjármagn í að aðlaga þjónustuna að ólíkum menningarhópum. Því þarf þjónustan að styðja vel við mismunandi þarfir notenda, aðstandenda og fagaðila sem vön eru annarri menningu en íslenskri þjóðmenningu. Meta þarf þörfina og skoða hvort þjónusta við innflytjendur sé takmörkuð þar sem þau hafa ekki íslenska eða enska tungumálakunnáttu. Það myndi hjálpa að gera fræðsluefni og efni á vefsíðum aðgengilega á ensku en það myndi auðvelda þýðingarforritum að þýða yfir á önnur tungumál.

Sjónstöðin hefur einnig bent á að nokkrir þeirra Pólverja sem eru búsettir hér á landi eru sjónskertir og þar á meðal nokkur börn. Skort hefur möguleika á millisafnasamningi við hljóðbókasafn í Póllandi en þau börn sem eru í námi í Pólska skólanum þyrftu að fá hljóðbækur til að styrkja móðurmáls kunnáttu sína. Það myndi einnig styrkja íslenskuþekkinguna og efla þau til jafns við fullsjáandi börn.

- **Möguleikar notenda til sjálfstæðara heimilishalds**

Í niðurstöðum Gallup könnunar Blindrafélagsins má sjá að eitt af stærstu hagsmunamálum félagsmanna er að auðvelda blindum og sjónskertum að búa einir. Sjónstöðin veitir ýmsa þjónustu sem ætlað er að treysta möguleika fatlaðra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku þannig að þeir geti t.a.m. búið einir. Hluti af því að veita góða þjónustu er að fylgja málum eftir. Eftirfylgni er veitt með að hringja í notendur og/eða heimsækja þá. Tímaskortur og skortur á fjármagni veldur því að ekki er verið að bæta við starfsmönnum þannig að hægt sé að heimsækja notendur og fylgja málum betur eftir.

Skoða mætti tækifæri til að efla stuðning með fræðsluefni og kennslu í gegnum stafræna miðla.

- **Starfsþjálfun og atvinnumöguleikar**

Sjónstöðin styður við þarfir notenda fyrir hæfingu og endurhæfingu, menntun og atvinnu. Vinnumálastofnun býður upp á sértæka þjónustu og víðtækan stuðning fyrir einstaklinga með skerta vinnugetu bæði er snýr að því að finna starf og stuðning á nýjum vinnustað. Blindravinnustofan er vinnu- og starfsþjálfunarstaður blindra og sjónskertra og hefur gert þjónustusamning við Vinnumálastofnun er snýr að hlutverki stofunnar sem verndaður vinnu-, starfsþjálfunar- og endurhæfingarstaðar. Vinnumálastofnun fjármagnar eina stöðu á Blindravinnustofunni. Sjónstöðin myndi vilja sjá meira samstarf og samtengingu þjónustu milli þjónustuaðila en tækifæri er til að auka samstarf milli aðila. Sjá má ákveðna skörun á þjónustu Sjónstöðvarinnar, Blindrafélagsins og Vinnumálastofnunar með tilliti til þjónustu er snýr að hæfingu, endurhæfingu, aðstoð við að finna starf og stuðning á vinnustað (við notendur og atvinnurekendur). Þörf er á að auka endurhæfingarúrræði fyrir einstaklinga og fjölga vinnustöðum til að velja úr. Til að slíkt geti gerst þá þarf mat á þörfinni. Hversu margir þurfa slíkt úrræði og hvernig hægt sé að styðja við þá einstaklinga. Að sama skapi finna leiðir til að fjölga vinnustöðum sem þeim stendur til boða.

Í niðurstöðum Gallup könnunar Blindrafélagsins má sjá að auknir atvinnumöguleikar eru eitt af mikilvægustu hagsmunamálum félagsmanna. Sjá má í niðurstöðum að 68,6% svarenda í könnuninni eru ekki í vinnu og að félagsmenn í aldurshópnum 55 ára eru stærstur hluti þeirra meðan 30-40% yngri en 55 ára eru ekki í vinnu. Sjá má í niðurstöðunum að 62%

karlsvarenda og 73% kvensvarenda eru ekki í vinnu og að flestir eru 55 ára og eldri eða 79% meðan 40% svarenda í aldurshópnum 18-39 ára og 33% í aldurshópnum 40-54 ára eru ekki í vinnu. Ljóst er að kanna þarf betur ástæður þess af hverju stór hluti svarenda sé ekki í atvinnu en leiða má líkur að því að framboð atvinnu fyrir sjónskerta, lögblinda og blinda séu af skornum skammti og því erfitt fyrir þau að finna sér vinnu.

Sjónstöðin hefur bent á að þörf sé á átaki til að efla virkni ungra sjónskertra /blindra einstaklinga með skerta starfsgetu. Tækifæri er til að efla samstarf við Blindravinnustofuna um starfsmat og í framhaldi af því mati sé hægt að leita að samstarfi við Vinnumálastofnun og atvinnu með stuðningi. Til að þetta sé möguleiki þá þurfi eitt stöðugildi sem tilgreint er í vinnuþjálfun hjá Blindravinnustofunni. Sá starfsmaður myndi síðan vinna í nánu samstarfi við virkniráðgjafa hjá Sjónstöðinni

- **Fjármögnun leiðsöguhunda**

Í dag þá fjármagnar Blindrafélagið kaup á leiðsöguhundum og gefur Sjónstöðinni sem síðan úthlutar hundinum til notanda. Með breytingu á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem samþykkt voru í júní síðastliðnum þá kemur fram að ríkissjóður skal tryggja árlega fjármagn til að afla, þjálfra og flytja inn leiðsöguhunda til samræmis við eftirspurn hverju sinni. Eftirspurnin hefur aukist og ekki er búið að tryggja fjármagn til að verða megi við þessari lagaskyldu stöðvarinnar. Í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir leiðsöguhundum, stöðu þjálfara fyrir samþjálfun, stöðu krónunnar og stöðunnar í heiminum vegna Covid þá þarf að greina eftirspurnina eins og hún er í dag, greina afleiddan kostnað sem ekki er tekið tillit til í fjárlögum (svo sem lækniskostnað, launakostnaður og tryggingar), kostnaðarþróun, meta hversu vel fjármögnun er tryggð í fjárlögum og hvernig hægt sé að bregðast við aukinni eftirspurn. Einnig mætti meta stöðuna með tilliti til stöðugilda og áhættunnar sem því fylgir ef að lykilaðili eins og þjálfari ákveður að hætta.

- **Framleiðsla hljóðbóka efnis á aðgengilegu formi**

Hljóðbókasafn Íslands framleiðir talsvert af hljóðbókum og fer framleiðslan fram í hljóðveri safnsins og heimahljóðverum allt árið um kring. Einnig kaupir safnið inn 5-6% af bókakosti sínum og búast má við að sú tala hækki. Á safninu er ágætt úrval efnis og telur safnið nú um 12.356 titla en á síðasta ári bættist 431 titill við safnkostinn. Þrátt fyrir að Hljóðbókasafnið

lesi inn talsvert af bókum þá þarf aukið fjármagn til að auka enn frekar safnkostinn. Ef tekið er mið af heildarútgáfu prentefnis á Íslandi þá vantar verulega upp og sjá má að safnið nær ekki að framleiða jafn marga titla og gefnir eru út á prentuðu formi á ári hverju. Hallar þá helst á flokka er snúa að almennum og sértækum fræðiritum, tímaritum, matreiðslubókum, fréttabréfum og námsbókum. En til að auka megi aðgengi notenda safnsins að efni, gera bækur fyrr aðgengilegar og bregðast enn betur við beiðnum um ákveðnar bækur þá þarf að auka verulega fjárframlög til safnsins.

- **Námshagnagerð**

Hljóðbókasafni Íslands ásamt öðrum er ætlað að útvega nemendur námsgögn en menntamálastofnun útvegar grunnskólastigi námsefni meðan safnið styður við framhaldsskólastigið og háskólarnir hafa séð um sig sjálfir. Sjónstöðin er einnig með útgáfusvið sem sér um að setja upp bækur leshefti og verkefnahefti í punktalettri. Stærstur hluti þjónustunnar er stækkað letur. En hver og einn fær leturgerð og stærð eftir þörfum. Ef að bókin gæti verið sett upp á öðru formati en Word s.s. EPUB þá væri ekki þörf að aðlaga hverja bókina á fætur öðrum.

Mikilvægt er að skoða hvort að háskólinn eigi ekki að sjá alfarið um gerð námsbóka fyrir blinda, sjónskerta, lesblinda nemendur eins og hann gerir fyrir nemendur með aðrar fatlanir. Í dag starfar t.a.m. einn starfsmaður hjá Sjónstöðinni við framleiðslu efnis og að sama skapi einn starfsmaður hjá háskólanum við að gera það sama.

Þar sem námshagnagerð er dreifð og ábyrgðin liggur víða þá er þörf á að framkvæma úttekt á framleiðslu námshagna fyrir blinda og sjónskerta. Kortleggja þarf hvert skólastig fyrir sig og leita í framhaldið leiða til að sameina útgáfustarfsemi námshagna undir eitt þak. Með því móti má nýta mun betur fólk og fjármagn við námshagnagerð.

- **Ferðaþjónusta**

Blindrafélagið hefur gert samning við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og í Vestmannaeyjum um ferðaþjónustu við blinda og sjónskerta og er gjaldið sem nemur 1-2 strætóferðum. Samningar eru við aðila á höfuðborgarsvæðinu og fyrir íbúa á landsbyggðinni sem þurfa að sækja sér þjónustu til höfuðborgarinnar. Félagið telur að ferðaþjónusta við blinda og sjónskerta sé takmörkuð og um 60-70% uppfyllt ef miðað er við 20. gr. í Samning

um réttindi fatlaðs fólks en þar er vísað í skuldbindingu stjórnvalda um að gera árangursríkar ráðstafanir til að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum. Á höfuðborgarsvæðinu þá er ferðþjónustan ekki í boði frá miðnætti til 06:00-07:00 á morgnana. Á Akureyri þá er ferðþjónustan í formi leigubíla frá 7:30-23:30. Í Vestmannaeyjum þá er stuðst við sérútbúinn bíl frá 7:30-17:30 og leigubíll eftir það. Í niðurstöðum Gallup könnunar Blindrafélagsins kom fram að eitt mikilvægasta hagsmunamálið fyrir félagsmenn sé bætt aðgengi að ferðþjónustu (að geta komist á milli staða). Ekki er hægt að sjá í niðurstöðum könnunarinnar hvar á landinu þeir félagsmenn búa en nokkrir félagsmenn tilgreindu sérstaklega í opnum svörum að þörf sé á að bæta aðgengi félagsmanna að ferðþjónustu á landsbyggðinni. Þó ekki sé hægt að vísa í eftirspurn þá er mikilvægt að meta þörfina á landsbyggðinni og hvort og þá hvaða aðgerða megi grípa til svo fyllilega megi uppfylla kröfuna um sjálfstæði blindra og sjónskertra og hlutverk stjórnvalda í greiða fyrir því að þau geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, því hentar gegn viðráðanlegu gjaldi.

8.0 TÆKNIFÆRI Í ÞJÓNUSTU VIÐ NOTENDUR

Af þeim tæplega 8 milljörðum einstaklinga í heiminum þá er áætlað að af þeim þá séu 50 milljónir blindir og um 220 milljónir í sjónskertir. Þessi stóri hópur einstaklinga býr víðsvegar um heiminn og fær þjónustu frá ríki, sveitarfélögum og hinum ýmsu félagasamtökum í sínu heimalandi. Þó svo að aðgengi að þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga hér á landi sé svipuð samanborið við Evrópu og Norður-Ameríku þá má vafalítið læra eitthvað af þeirra nálgun og skoða hvað sé hægt að nýta sér hér heima á Íslandi.

Tækninni fleygir fram

Á síðustu 10-15 árum þá hefur tækninni fleygt fram. Almennt séð þá hefur hún auðveldað fólki lífið sem og hjálpað blindum og sjónskertum að framkvæma einfalda hluti sem fæstir hugsa dags daglega mikið út í.

Það má horfa í tvo meginflokka þegar kemur að tækni og nýtingu blindra og sjónskertra á tækjum og búnaði: (1) almennan búnað eins og tölvur, snjalltæki, staðsetningartæki, öpp fyrir tölvur og snjalltæki, sýndaraðstoð (til dæmis Apple Alexa, Google assistant) og (2) búnað sem sérstaklega er hannaður með þarfir blindra og sjónskertra í huga eins og vefvarpið, skjálesarar, talgervlar, stækkunarforrit, punktaletursprentarar, punktaleturs snjallúr, snjall hvítur staf, talandi tæki (til dæmis blóðþrýstingsmæla, litaskynjara, úr og klukkur) og sérstök öpp eins og Be My Eyes.

Tæknin og þær framfarir sem hafa átt sér stað á síðustu 10-15 árum hafa því gefið blindum og sjónskertum tækifæri til að lifa sjálfstæðara lífi heima fyrir, í sínu félagslífi, tómstundum og í vinnu. Þá má sérstaklega horfa til búnaðar eins og snjallsíma og spjaldtölva sem bæði nýtast ein og sér sem og að hægt er að setja sérstök öpp í tækin sem hugsuð eru sérstaklega fyrir blinda og sjónskerta. Hér áður fyrr þá þurfti að kaupa sérstakan vél- eða hugbúnað til að uppfylla sömu þarfir og nú er hægt að nálgast í snjalltækjum eða öppum.

Mikilvægt er að vernda íslenska tungu í stafrænni tækni og því hefur Almannrómur unnið samkvæmt Máltækniáætlun stjórnvalda og ber stofnunin ábyrgð á framkvæmd hennar. Eitt af meginmarkmiðum Almannaróms er að stuðla að aðgengi almennings og atvinnulífs að nauðsynlegri tækni. Hér á landi hefur talsverð grunnvinna í máltækni átt sér stað og smíðaðir hafa verið nokkrir talgervlar samanber smíði Blindrafélagsins á íslensku

talgevilsröddunum Karli og Dóru. Stærstu framleiðendur hugbúnaðar fyrir snjalltæki eins og Apple, Microsoft og Samsung leggja mikla áherslu á þróun gervipjóna (Virtual assistant) en lykilþáttur í gagnsemi gervipjóna snýr að tungumálastuðningi. Það verður mikið kappsmál fyrir blinda og sjónskerta að snjalltæki geti nýtt íslenskuna en með gervipjóni þá aukast til muna geta og möguleikar blindra og sjónskertra til að sækja sér upplýsingar á netið, nýta sér aðstoð við kaupa á vörum og þjónustu, nýta sér raddstýrð heimilistæki, öpp ýmiskonar og raddstýrðan tölvubúnað. Að sama skapi þá mun draga úr þörfinni fyrir þróun á dýrum öppum og búnaði sem getur stutt við íslenskuna.

Tæknin hefur einnig gefið blindum og sjónskertum tækifæri til að framkvæma hluti sem þau gátu ekki framkvæmt áður svo sem að lýsa litum, þekkja hluti í sínu nánasta umhverfi eða rata. Þetta er hægt í dag með að nýta öpp eins og NaviLens, TapTap see eða BeMyEyes. En virkni þessara þriggja appa er mismunandi þar sem eitt les sérstaka tegund skilta/merkja, annað tekur mynd og greinir myndina meðan það þriðja hringir í sjálfboðaliða sem getur sagt þér hvað er fyrir framan þig (í mynd í símanum).

Með öflugri tölvum, snjalltækjum og 4G/5G gagnaflutningsgetu þá er hægt að sækja bæði öpp og efni á mun skemmri tíma en áður. Það er ekki langt síðan að notendur þurftu að bera með sér snældur og kasettutæki eða geisladisk og geislaspilara en núna má hlaða hljóðskrár niður í síma á örskömmum tíma eða streyma þeim í rauntíma. Að sama skapi þá má geyma mun meira magn af efni í einu litlu snjalltæki en áður þekktist.

Keppikefli í þjónustu

Í þjónustu til viðskiptavina þá horfa fyrirtæki í samkeppni meira og meira til samþættingar þjónustu þvert á fyrirtækið. Þjónustu sem byggir á þekkingu á viðskiptavinum, gögnum, samtengdum þjónustu rásum, skýrum þjónustu stöðlum og þjónustuferlum og ríkri þjónustuupplifun í samskiptum milli starfsmanna og viðskiptavina. Ríkið og sveitarfélög hafa einnig tekið við sér og átta sig á því að góð þjónusta er ekki einungis samkeppnisverkfæri heldur skilar sér einnig í aukinni skilvirkni og þar af leiðandi hagræðingu í rekstrinum. Þetta sjáum við til dæmis endurspeglast í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar og ríkisins í gegnum Stafrænt Ísland.

Við sjáum einnig að aðgengi að þjónustu og vörum á vefnum er mjög gott, sjálfsafgreiðslulausnum hefur fjölgað, útibúum og verslunum fækkað, aukning er í sölu hjá innlendum og erlendum netverslunum og erfiðara getur reynst að sækja sér þjónustu í verslanir eða þjónustu/söluver þar sem opnunartími hefur verið stytur. Fyrirtækin vilja fá þig í stafræn viðskipti. Þörf viðskiptavina fyrir því að fá aðstoð í verslun eða síma hefur einnig almennt séð minnkað. Fyrirtæki og stofnanir veðja því á að stafræn vegferð og stafræn upplifun viðskiptavina sé framtíðin. Því er mikilvægt að upplýsa fyrirtæki og framleiðendur á hug- og vélbúnaði um mikilvægi þess að tryggja blindum og sjónskertum óheftan aðgang að þeim nýju lausnum sem eru í boði fyrir viðskiptavinum.

Norðurlöndin og Norður-Ameríka

Í úttekt á aðgengi að þjónustu má sjá að þær leiðir sem Blindrafélagið, Hljóðbókasafnið og Sjónstöðin fara eru sambærilegar því sem þekkist á Norðurlöndunum og Norður Ameríku. En aðgengið felst í að geta fengið þjónustu á staðnum hjá þjónustuaðila, með heimsókn heim til sín eða í skóla/á vinnustað, í síma, í gegnum vefsíðu eða samfélagsmiðlasíðu, í tölvupósti og viðburðum.

Það sem skilur á milli þjónustuaðila hér heima móts við erlenda aðila hefur meira að gera með samfellu í þjónustu, aðlögun að mismunandi tegundum þjónustuþega, framsetning á efni á vef og samfélagsmiðlum og tungumálum sem efnið er aðgengilegt á móts við tegundir þjónustu og aðgengi að henni.

Það sem vel er gert erlendis

Hvar byrja ég og hvert fer ég svo? Eru spurningar sem allir notendur vilja svör við. Því mikilvægt að efnið sé sniðið að notendahópum. Sem dæmi, þegar komið er inn á vefsíðu Sjónstöðvarinnar eða Hljóðbókasafnsins sem fagaðili, hvar byrja ég og hvert fer ég svo. Með því að setja sig í spor ólíkra notendahópa fyrir þjónustu má aðlaga þjónustuupplifunina betur að þeim notendahópi móts við að efnið höfði eingöngu til ákveðins hóps umfram annan. Góð leið til þess er að skilgreina notendahópa fyrir þjónustuna og útbúa lýsingu á hverjum notendahópi fyrir sig. Lýsingin miðar af því að skilgreina samnefnara svo sem út frá hlutverki, kyni, aldri, þörfum og öðru sem getur skipt máli. Teikna síðan ferðalag notandans frá upphafi til enda þegar hann sækir sér þjónustu (frá hans sjónarhorni). Sem

dæmi, ef ég er nemandi í framhaldsskóla og hef þörf fyrir hjálpartæki hvert leita ég fyrst og hvert fer ég svo. Bæði er snýr að þjónustu augliti til auglitis og í gegnum stafræna miðla. Með því er verið að tengja saman ferðalag notandans þvert á þjónustu rásir og leita leiða til að gera enn betur við hann.

Menningarmálaráðuneyti Svíþjóðar ber ábyrgð á að gera bækur aðgengilegar á formi sem henta einstaklingum sem ekki geta nýtt sér prentaðan texta. Á síðu ráðuneytisins „Myndigheten för tillgängliga medier“ (mtm.se) má sjá að undirsíður eru tileinkaðar ákveðnum notendahópum eins og bókasöfnum, grunnskólum og rithöfundum/útgefendum. Þar er einnig hægt að komast inn á aðrar síður ráðuneytisins eins og Legimus.se en þar eru til dæmis undirsíður sem sérstaklega eru hugsaðar fyrir nemendur og síðan börn og ungmenni. Það sama er að finna á síðu danskrar stofnunar fyrir blinda og sjónskerta, ibos.dk, en þar byrja notendur að velja sér inngang í efnið út frá þeim notendahópi sem þú tilheyrir til dæmi fagaðili. Á vef Visions (visionsvcb.org) þá er þjónustan skilgreind út frá aldurshópum. Því auðveldar það notandanum að finna þjónustur sem henta sínum aldurshópi. Einnig þá er þetta gert vel inni á síðu Hadley.edu en þar er notandinn spurður: „Hvað viltu læra í dag?“ og honum boðnir valmöguleikar. Þannig er hann leiddur í nokkrum skrefum að efni sem hann hefur mestan áhuga á móts við að verið sé að ýta honum í að mæta á staðinn eða hringja til að fá samskonar ráðgjöf.

Myndbönd eru öflugt tól sem nýtast þeim sem geta horft á þau sem og blindum og sjónskertum. Þar er efnið aðlagað að breiðari hópi þar sem aðstandendur og fagaðilar geta nýtt efnið jafn vel og blindir og sjónskertir. Myndböndin geta verið einfaldar upptökur af leiðbeiningum um það hvað Jaws er, hvernig á að nýta talgervil, bjarga sér í eldhúsinu og yfir í efni sem snýr meira að því að missa sjónina og hvert þú sækir þér þjónustu. Sjá má dæmi um myndband um Nýtt app á vefsíðu Hljóðbókasafnsins (hbs.is) og kynningarmyndband á vefsíðu Sjónstöðvarinnar (midstod.is). Allar þrjár síðurnar hafa mikið af skrifuðum texta sem auðvelt er fyrir skjálesara að lesa. Skrifað mál gefur hinsvegar aðra notendaupplifun en talmál. Með myndböndum er hægt að skapa persónulegri upplifun en hægt er að gera með skrifuðum texta. Upplifun fyrir notanda að heyra einhvern í myndbandi segja frá og fara yfir það sem stendur á síðu er önnur en að hlusta á skjálesara. Því mætti skoða betur og meta hvenær það skapi betri þjónustuupplifun og aðgengi fyrir notendur að smella á hnapp og hlusta á myndband eða láta skjálesara lesa upp efnið. Að

saman skapi meta hver notendahópurinn er fyrir efnið þ.e.a.s hvort það sé blindur eða sjónskertur einstaklingur, aðstandandi eða fagaðili. Myndbönd má síðan nota á vefsíðum þjónustuaðila, samfélagsmiðlasíðum, á myndbandasíðum (Youtube, Vimeo) og í öppum.

Norðurlöndin hafa sett mikla áherslu á stafræna vegferð ríkis og stofnana. Að útbúa miðlæga þjónustugátt sem stofnanir og fyrirtæki geta tengt sig við. Skoða mætti tækifærið til að nýta stafrænt Ísland með tilliti til vefþjónustutenginga fyrir umsóknarferli. Einnig nýta aðgang að hönnunarkerfi fyrir stafræna þjónustu sbr. þróun á nýrri þjónustu eða umbreytingu á þjónustu fyrir blinda og sjónskerta.

Vefurinn er mikilvægur og verður mikilvægari

Einstaklingsmiðuð þjónusta getur verið kostnaðarsamari í framkvæmd en þjónusta sem hugsuð er fyrir stærri hóp notenda. Því mætti skoða hvernig Sjónstöðin, Hljóðbókasafn og Blindrafélagið get samnýtt betur krafta sína í að veita enn betri þjónustu til notenda svo sem með að samnýta betur efni og bjóða ekki upp á sömu þjónustu á mörgum stöðum. Það getur verið ábati í að fjárfesta í að koma meira af hagnýtum upplýsingum og kennsluefni inn á vefsvæði Sjónstöðvarinnar, Hljóðbókasafnsins og Blindrafélagsins. Á það við efni fyrir alla markhópa.

Einnig má horfa út í heim og nýta áherslur og efnistöð á sambærilegum síðum og byggja jafnvel upp sameiginlegan þekkingargrunn fyrir blinda og sjónskerta. Sameinast til dæmis um að koma tölvu- og tækniþekkingu fyrir á einu vefvæði. Sjá má dæmi um gott yfirlit og upplýsingar um tækni fyrir blinda og sjónskerta á vef American Foundation for the Blind (afb.org) þar sem hægt er að fara á undirsíðu sem heitir „Notkun tækni“ (Using technology) og undir þeirri síðu til dæmis efni um það hvernig hægt sé að nýta samfélagsmiðla, heimabankalausnir, sækja sér afþreyingu, læra á tæki sem nýtast heima fyrir, val á búnaði og fleira.

Fleiri og fleiri fyrirtæki setja upp „Mínar síður“ vefsvæði fyrir notendur og skoða mætti hvort Sjónstöðin og Blindrafélagið ættu að koma sér upp „Mínar síður“ svæði fyrir notendur. Þar væri til dæmis hægt að vista upplýsingar um notandann, hægt að eiga í samskiptum, vista samskiptasögu, greiðslusögu, kaupsögu, vista upplýsingar um aðstandendur/aðila sem mega sækja um þjónustu/taka við upplýsingum, tækjaskrá og sjá

hvar umsóknir eru staddar, nálgast sérsniðið fræðsluefni sem tekur mið af upplýsingum um blindu eða sjónskerðingu, aðstæðum og/eða niðurstöðum greininga. Notendur geta verið blindir og sjónskertir, aðstandendur þeirra og fagaðilar. Að sama skapi má horfa í afmarkaða þjónustu í gegnum slík vefsvæði samanber það sem APH (American Printing House) gerir með Hive (aphhive.org) námssvæði fyrir fagaðila, kennara, foreldra, nemendur og aðra áhugasama en þar er að finna úrval af vef námskeiðum sem notendur geta sótt sér þeim að kostnaðarlausu.

Þegar efni er skrifað inn á vefsíður Sjónstöðvarinnar, Hljóðbókasafnsins og Blindrafélagsins þá mætti skoða hvort skrifa mætti efnið í hlýlegri og persónulegri tón. Munurinn getur legið í að nota orðalag sem beint er að lesandanum til dæmi „Hvernig get ég aðstoðað þig?“ eða „Hvað hefur þú áhuga á að fræðast um?“ móts við að nota orðalag eins og „Blindum og sjónskertum er veitt lögbundin þjónusta“ eða „Markmið þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms“. Skrifa efnið meira út frá „Velkomin! Hér getur þú fundið efni um“ og „við getum aðstoðað þig“ móts við „það er lögbundin skylda miðstöðvarinnar að veita einstaklingum“.

Innflytjendum hefur fjölgað mikið á síðustu tveimur áratugum og eru þeir nú um það bil 15.5% af íbúum landsins en það eru samtals 57.126 manns sem hafa annað móðurmál en íslenskuna. Stærstur hluti þeirra eru Pólverjar en þann 1. janúar 2021 voru þeir 20.520. Þar á eftir eru Litháar og Filippseyingar fjölmennastir. Það má því leiða líkur að því að þörf sé á að bjóða upp á pólskt efni og texta á síðum Blindrafélagsins, Sjónstöðvar og HBS og enskt efni og texta á síðum HBS og Sjónstöðvarinnar (með tilliti til þarfa og ákveðinna notendahópa). Einnig mætti skoða leiðir til að finna efni eða tengja þennan notendahóp við efni á þeirra tungumáli.

Þegar unnið er að verkefninu sem felst í að færa þjónustu undir sama þak í Hamrahlíð að horfa þá einnig í vefinn. Því með því móti þá er komið fyrsta stopp í þjónustu á staðnum og á vefnum. Notandinn getur þá t.d. farið inn á eina vefgátt sem tekur þig síðan inn á aðrar síður eða að aðilar sameinist um eina vefsíðu/vefgátt. Sambærilegt því að fara í eina móttöku í Hamrahlíð en vera beint inn á Sjónstöð, Hljóðbókasafn eða Blindrafélagið.

Aðgengi á vefsíðum

Á síðustu árum þá hefur Stafrænt Ísland reglulega metið gæði opinberra vefja. Hefur sú greining tekið mið af bestun og aðgengismálum vefsvæða opinberra fyrirtækja og stofnana. Greiningin hefur tekið breytingum samhliða framþróun tækni og því sem venja þykir við framsetningu efnis á vefsíðum. Markmiðið hefur verið að styðja við opinbera aðila í viðhaldi og þróun vefja og veita ábyrgðaraðilum vefsvæðanna mat á stöðu vefsins/vefja.

Eftir því sem vefsíður stækka og verða efnismeiri þá eykst mikilvægi gæða efnisins. Góður vefur skapar góða þjónustupplifun meðan slæmur vefur getur skapað óánægju, dregið úr notkun vefsíðunnar og ýtt þjónustu alfarið yfir á síma eða heimsóknir notanda á staðinn.

Í greiningu Siteimprove þá fær hvert vefsvæði heildareinkunn sem ætlað er að segja til um styrk vefsvæðisins og er sú einkunn samsett af þremur undir einkunnum sem standa fyrir aðgengi, gæði efnis og leitarvélbestun.

1. Gæði efnis (Quality assurance) einkunn byggir á greiningu á upplifun notenda s.s. hvort hægt sé að finna stafsetningarvillur í texta, brotna hlekki, langar setningar og orð, hversu læsilegt efnið er, stærðir mynda og tegundir skjala sem hægt er að sækja á vefsíðuna.
2. Aðgengis einkunn (Accessibility) segir til um það hversu vel vefurinn fylgi viðmiðunarreglum um aðgengi að vefnum. Viðmiðunarreglur eru skilgreindar út frá þremur stigum og reglum sem skilgreindar eru í WCAG staðlinum.
3. Leitarvélbestun (SEO) greinir hversu vel vefurinn finnst í leitarvélum, hvort samhengi sé á milli fyrirsagna og innihalds, hraða vefsíðunnar (í tölvu og snjalltæki) og virkni í snjalltækjum.

Þegar síður eru skannaðar þá miðast skönnun við að meginvefsíður séu greindar en ekki undirlén eða lokuð svæði.

Inni á vef Stefnu er að finna myndband með dæmi um úrlestur á niðurstöðum og á vef Siteimprove er að finna grein þar sem farið er yfir matið eins og það birtist í skýrslunni (sjá tengla undir tilvísunum í kafla 8).

Mikilvægt er að þróa stöðugt efni vefsvæða, uppfæra efnið og laga brotalamir. Eftirfarandi niðurstöður byggja á efni úr Pdf afriti af vefskýrslu Siteimprove en skýrslan sýnir afmarkaðan hluta af niðurstöðunum og ekki hægt að kafa niður í niðurstöðurnar. Afriti af niðurstöðum fyrir vefina þrjá hefur verið deilt með Blindrafélaginu (í Teams möppu fyrir verkefnið).

Niðurstöður Siteimprove greiningar á vef Blindrafélagsins – blind.is

Gæði efnisins		
Heildareinkunn	56,1	Heildareinkunn fyrir gæði efnis á vefsvæði er 56,1 sem er lágt ef horft er í að einkunn yfir 80 er talin góð. Því skiptir máli að skoða hvaða þættir það eru sem hallar á og laga það sem betur má fara.
Efnisgæði	88,7	Gæði efnis er gott sem þýðir notendur eiga auðvelt með að skilja efnið sem er á síðunni.
Ferskleiki efnis	68,9	Bendir til að uppfæra þurfi oftast efni síðunnar en ferskleikinn hefur áhrif á hversu oft notendur sækja sér upplýsingar inn á síðuna. Ef síðan á að stuðla að góðri þjónustu, vera upplýsingaveita fyrir fréttir og viðburði, sölusíða og veita góðar upplýsingar um starfsemi félagsins þá þarf að skoða hvernig hægt sé að ýta undir endurteknar heimsóknir með uppfærslum á efninu. Einnig er gott að skoða Google analytics greiningu á vefsvæðinu til að greina heimsóknartíðni notenda og hvernig þeir verja tíma sínum á vefsíðunni.
Öryggi	70,0	Mikilvægt er að hækka þessa einkunn með að greina hvert verið er að vísa notendum með tenglum og hversu vel tekst að tryggja öryggi upplýsinga um notendur.
Notendaupplifun	46,2	Þegar erfitt er að vafra um síður og finna efni þá hætta notendur að leita og halda yfir á aðrar síður eða taka upp símann. Með því að bæta notendaupplifun þá mætti draga úr álagi á aðrar þjónusturásir.

Stafsetningarvillur	76	Finna má 76 stafsetningarvillur á vefsíðunni en það mun hafa neikvæð áhrif á upplestur talgervilsins. En stafsetningarvillur er að finna á 143 síðum. Þetta eru villur sem auðvelt er að finna og laga. Margar hverjar geta hins vegar tengst punktanotkun svo sem í skammstöfunum.
Brotnir hlekkir	155	Á vefsíðunni er að finna 155 mögulega brotna hlekki sem þýðir að verið er að vísa á efni og upplýsingar sem skila ekki því efni sem notandinn vill sjá. Fær hann því 404 villu eða að síða finnst ekki.
Kennitölur	9	Einkunn fyrir öryggi lækkar ef hægt er að finna kennitölur á vefsíðunni. Hægt er að finna kennitölur fyrir Styrktarsjóði og stjórnarmenn. Skoði mætti mikilvægi þess að birta kennitölur einstaklinga og taka þær út ef ekki er þörf á þeim.
Síður með setningar sem eru yfir 20 orð	1.037	Skoða má styttingu þessara setninga og meta hvort gera megi efnið styttra og hnitmiðaðra.
Word skjöl á síðum	20	Mikilvægt er að halda sig við .pdf skjöl þar sem því er við komið. En Word skjöl geta verið óaðgengileg þeim notendum sem ekki eru með Office hugbúnað uppsettan á tölvunni hjá sér eða í snjalltæki.
Excel skjöl á síðum	1	Hægt er að finna umsóknareyðublað í Excel formi og skoða mætti aðrar lausnir að sömu ástæðu og ekki er gott að hafa Word skjöl á síðum.

Aðgengi einkunn

Heildareinkunn	78,0	Heildareinkunn fyrir aðgengi er góð.
----------------	------	--------------------------------------

Mál	11	Til að uppfylla fyllilega Level A í aðgengi staðli WCAG þá þarf að laga 11 mál (issues). Hefur það að gera til dæmis með samræmi milli mynda og texta, tengla og litaskil.
Aðgengisvillur í PDF skjölum	0	Engin villa kemur upp

Leitarvélabestun		
Heildareinkunn	83,4	Heildareinkunn fyrir leitarvélabestur er afar góð.
Mál	36	Til að bæta leitarvélabestu þarf að skoða 36 mál sem tengjast til dæmis hraða á síðunni, síðum sem ekki birtast í vefkorti (sitemap), áframsendingar milli vefsvæða og brotna tenglar.

Niðurstöður fyrir Hljóðbókasafn Íslands – hbs.is

Gæði efnisins		
Heildareinkunn	50,8	Heildareinkunn fyrir gæði efnis á vefsvæði er 50,8 sem er frekar lágt ef horft er í að keppikeflið er einkunn sem er yfir 80. Því skiptir máli að skoða hvaða þættir það eru sem draga niður einkunnina.
Efnisgæði	29,2	Gæði efnis fær lága einkunn sem þýðir að notendur eiga mögulega erfitt með að skilja efnið sem er á vefsíðunni.
Ferskleiki efnis	39,2	Lág einkunn bendir til að uppfæra þurfi oftast efni vefsíðunnar en ferskleikinn hefur áhrif á hversu oft notendur sækja inn á síðuna. Hér þarf að skoða efnið sem liggur á opnu svæði og hvers oft það er uppfært. Gott er að skoða einnig Google

		analytics greiningu á vefsvæðinu til að greina heimsóknartíðni notenda og hvernig þeir verja tíma sínum á vefnum.
Öryggi	100,0	Hæsta einkunn.
Notendaupplifun	49,2	Þegar erfitt er að vafra um síður þá hætta notendur að leita og halda yfir á aðrar síður eða taka upp símann. Með því að bæta notendaupplifun þá mætti draga úr álagi á aðrar þjónusturásir.
Stafsetningarvillur	47	Finna má 47 mögulegar stafsetningarvillur á vefsíðunni en það mun hafa neikvæð áhrif á upplestur talgervilsins. En stafsetningarvillur er að finna á 16 síðum. Þetta eru villur sem auðvelt er að finna og laga. Margar hverjar geta hins vegar tengst punktanotkun í skammstöfunum.
Brotnir hlekkir	1	Á vefsíðunni er að finna aðeins 1 brotinn hlekk sem þýðir að afar sjaldan er verið að vísa á efni og upplýsingar sem skila ekki því efni sem notandinn vill sjá.
Kennitölur	0	Engar kennitölur einstaklinga er að finna á síðunni.
Síður með setningar sem eru yfir 20 orð	10	Aðeins á 10 stöðum á síðunni er að finna setningar sem eru lengri en 20 orð. Tengist það bókum og umsókn um aðgang.
Word skjöl á síðum	NA	Ekki er hægt að sjá upplýsingar um notkun Word skjala.
Excel skjöl á síðum	NA	Ekki er hægt að sjá upplýsingar um notkun Excel skjala.

Aðgengi einkunn

Heildareinkunn	79,6	Heildareinkunn fyrir aðgengi er góð.
Mál	4	Til að uppfylla fyllilega Level A í aðgengisstaðli WCAG þá þarf að laga 4 mál (issues).
Aðgengisvillur í PDF skjölum	1	Ein villa kemur upp tengd „Umsókn um aðgang 2018“.

Leitarvélabestun

Heildareinkunn	81,0	Heildareinkunn fyrir leitarvélabestun er góð.
Mál	27	Til að bæta leitarvélabestu þarf að skoða 27 mál sem tengjast til dæmis síðum sem ekki birtast í vefkortu (sitemap), meta titles, hraða síðu í snjalltækjum, áframsendingar milli vefsvæða og brotna tengla.

Niðurstöður fyrir Sjónstöðina – midstod.is

Gæði efnisins

Heildareinkunn	49,2	Heildareinkunn fyrir gæði efnis á vefsvæði er 49,2 sem er frekar lágt ef horft er í að markið sé 80 og yfir. Því skiptir máli að skoða hvaða þættir það eru sem draga niður einkunnina.
Efnisgæði	90,1	Gæði efnis fær háa einkunn sem þýðir notendur eiga auðvelt með að skilja efnið sem er á síðunni.
Ferskleiki efnis	0,4	Bendir til að uppfæra þurfi efni síðunnar en ferskleikinn hefur áhrif á hversu oft notendur sækja inn á síðuna. Hér þarf að skoða efnið sem liggur á opnu svæði og hvers oft það er uppfært. Gott er að skoða einnig Google analytics greiningu á

		vefsvæðinu til að greina heimsóknartíðni notenda og hvernig þeir verja tíma sínum á vefnum.
Öryggi	100,0	Fullkomið.
Notendaupplifun	36,7	Þegar erfitt er að vafra um síður þá hætta notendur að leita og halda yfir á aðrar síður eða taka upp símann. Með því að bæta notendaupplifun þá mætti draga úr álagi á aðrar þjónustu rásir.
Stafsetningarvillur	2.528	Finna má 2.528 mögulegar stafsetningarvillur á vefsíðunni en það mun hafa neikvæð áhrif á upplestur talgervilsins. En stafsetningarvillur er að finna á 705 síðum. Þetta eru villur sem auðvelt er að finna og laga. Margar hverjar geta hins vegar tengst punktanotkun í skammstöfunum.
Brotnir hlekkir	171	Á vefsíðunni er að finna 171 mögulega brotinn hlekk sem þýðir að verið er að vísa á efni og upplýsingar sem skila ekki því efni sem notandinn vill sjá. Þetta eru hlekkir á undirsíður á midstod.is og yfir á önnur vefsvæði.
Kennitölur	0	Engar kennitölur einstaklinga er að finna á síðunni.
Síður með setningar sem eru yfir 20 orð	514	Á 514 stöðum á síðunni er að finna setningar sem eru lengri en 20 orð. Mikilvægt er að skoða hvort ekki mega stytta texta og gera hnitmiðaðri.
Word skjöl á síðum	48	Mikilvægt er að halda sig við .pdf skjöl þar sem því er við komið. En Word skjöl geta verið óaðgengileg þeim notendum sem ekki eru með Office hugbúnað uppsettan á vél eða í snjalltækjum.
Excel skjöl á síðum	NA	Ekki er hægt að sjá upplýsingar um notkun Excel skjala.

Aðgengi einkunn		
Heildareinkunn	73,9	Heildareinkunn fyrir aðgengi er nokkuð góð.
Mál	9	Til að uppfylla fyllilega Level A í aðgengisstaðli WCAG þá þarf að laga 9 mál (issues) sem tengjast til dæmi eyðublöðum, skipulagi síðunnar, haus (header) og tenglum.
Aðgengisvillur í PDF skjölum	74	Skoða þarf villur tengdar PDF skjölum á síðunni. Mögulega er um að ræða gömul skjöl sem ekki er lengur þörf fyrir að hafa inni á síðunni.

Leitarvélabestun		
Heildareinkunn	75,1	Heildareinkunn fyrir leitarvélabestun er góð.
Mál	34	Til að bæta leitarvélabestun þarf að skoða 34 mál sem tengjast til dæmis hraða í snjalltækjum og efni á síðunni.

9.0 TILVÍSANIR

Global Prevalence of Blindness and Distance and Near Vision Impairment in 2020: progress towards the Vision 2020 targets and what the future holds., IOVS Arvo Journal, <https://iovs.arvojournals.org/article.aspx?articleid=2767477>

Visions, <https://visionsvcb.org/>

AFB American foundation for the blind, <https://www.afb.org/>

Hadley, <https://hadley.edu/>

APH Hive American Printing House, <https://aphhive.org/>

Hagstofan, <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-1-januar-2021/>

Stefna, <https://www.stefna.is/is/frettir/hvad-er-spunnid-i-opinbera-vefi-2020>

Siteimprove, <https://siteimprove.com/en-us/blog/how-to-use-siteimprove-quality-assurance-to-create-a-great-website-experience/>

Specialpedagogiska skolmyndigheten, <https://www.spsm.se/>

Synskadades Riksförbund, <https://www.srf.nu/>

Myndigheten för tillgängliga medier, <https://www.mtm.se/>

Legimus, <https://www.legimus.se/>

LL-Förlaget, <https://ll-forlaget.se/>

Instituttet for Blinde og Svagsynede, <https://ibos.dk/>

Nota, <https://nota.dk/>

Nakövanmaisten liitto, <https://www.nkl.fi/fi/>

Celia, <https://www.celia.fi/>

Norges Blindforbundet, <https://www.blindeforbundet.no/>

Starfsskýrslur og ársskýrslur

- Blindrafélagið fyrir starfsárið 2020-2021
- Hljóðbókasafn fyrir starfsárið 2020
- Sjónstöðin fyrir starfsárið 2020

Aðgengisskýrslur Siteimprove, afhent 14.10.2021

- Blindrafélagið - "Skönnun opinberra vefja 2020". Skönnun á vefsvæðinu var framkvæmd snemma í október 2021. Vefur blind er skannaður á 5 daga fresti og því miðast skýrslan við skönnun sem framkvæmd var 9-14.október.

- Hljóðbókasafn Íslands - Copy of: "Skönnun opinberra vefja 2020". Skönnun á vefsvæðinu var framkvæmd 1. ágúst 2021 og miðast skýrslan við þá dagsetningu.
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir Blinda og sjónskerta - Copy of: "Skönnun opinberra vefja 2020". Skönnun á vefsvæðinu var framkvæmd 1. ágúst 2021 og miðast skýrslan við þá dagsetningu.

Könnun Gallup meðal félagsmanna Blindrafélagsins nóvember-desember 2021

- Meðan á verkefninu stóð framkvæmdi Blindrafélagið könnun meðal félagsmanna þar sem skoðað var viðhorf félagsmanna til Blindrafélagsins og þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Einnig var spurt út í þjónustu Sjónstöðvarinnar og Hljóðbókasafns Íslands. Eru niðurstöður könnunarinnar hafðar til hliðsjónar við vinnslu skýrslunnar.